

Bæjarstjórn Snæfellsbæjar

FUNDARBOÐ – 311. FUNDUR

Fundur er boðaður í bæjarstjórn Snæfellsbæjar, fimmtudaginn 6. september 2018 og hefst hann í **Ráðhúsi Snæfellsbæjar kl. 16:00.**

Dagskrá bæjarstjórnarfundarins:

- 1) Málefni Áttthagastofu. Heimir Berg, markaðs- og kynningarfulltrúi Snæfellsbæjar mætir á fundinn.
- 2) Fundargerðir 297., 298., 299 og 300. fundar bæjarráðs Snæfellsbæjar, dags. 28. júní, 12. júlí, 26. júlí og 23. ágúst 2018.
- 3) Fundargerð 117. fundar umhverfis- og skipulagsnefndar, dags. 30. ágúst 2018.
- 4) Fundargerð landbúnaðar- og fjallskilanevndar, dags. 21. ágúst 2018.
- 5) Reglur Snæfellsbæjar varðandi nemendur sem óska eftir að stunda tónlistarnám utan lögheimilis- sveitarfélags.
- 6) Bréf frá umhverfis- og skipulagsnefnd, dags. 30. ágúst 2018, varðandi fund með bæjarstjórn.
- 7) Bréf frá Írisi Ósk Jóhannsdóttur, ódags., varðandi nám við Tónlistarskóla Akraness.
- 8) Umsókn Lísu Daggar Davíðsdóttur, dags. 27. ágúst 2018, um leyfi til náms samhliða starfi.
- 9) Bréf frá Eggerti Arnari ÞjarMálefni nasyni, dags. 31. ágúst 2018, varðandi úrsögn úr hafnarstjórn og lausn frá starfi sem varabæjarfulltrúi í bæjarstjórn Snæfellsbæjar.
- 10) Bréf frá Dögg Mósesdóttur, dags. 24. ágúst 2018, varðandi ósk um styrk vegna Northern Wave kvikmyndahátíðarinnar þann 26. – 28. október n.k.
- 11) Minnisblað bæjarstjóra, dags. 4. september 2018, varðandi eftirlitsmyndavélar.
- 12) Erindisbréf öldungaráðs Snæfellsbæjar.
- 13) Bréf frá mennta- og menningarmálaráðuneytinu, dags. 22. ágúst 2018, varðandi aðgerðir gegn kynferðislegri áreitni og ofbeldishegðum í íþróttá- og æskulýðsstarfi.
- 14) Bréf frá Orkusjóði, dags. 3. september 2018, varðandi styrk vegna varmadælu við Ráðhús Snæfellsbæjar.
- 15) Bréf frá SSV, dags. 28. ágúst 2018, varðandi haustþing SSV 2018.
- 16) Bréf frá Þjóðskrá Íslands, dags. 27. ágúst 2018, varðandi fasteignamat 2019.
- 17) Bréf frá Þjóðskjalasafni Íslands, dags. 16. ágúst 2018, varðandi skjalavörslu og skjalastjórn afhendingarskyldra aðila í kjölfar nýrra laga um persónuvernd og miðlun persónuupplýsinga.
- 18) Bréf frá Umhverfisstofnun, dags. 30. ágúst 2018, varðandi tillögur/áætlanir sveitarstjórna um úrbætur í fráveitumálum.
- 19) Tillaga frá J-listanum, dags. 3. sept. 2018, varðandi starf innheimtufulltrúa RARIK í Snæfellsbæ.
- 20) Tillaga frá J-listanum, dags. 3. sept. 2018, varðandi hækkun á viðmiöðunartekjum elli- og örorkulífeyrisþega í Snæfellsbæ.
- 21) Tillaga frá J-listanum, dags. 3. sept. 2018, varðandi íþróttastyrk til foreldra barna sem stunda íþróttir á vegum íþróttafélaganna í Snæfellsbæ.
- 22) Tillaga frá J-listanum, dags. 3. sept. 2018, varðandi árlega íbúafundi.
- 23) Tillaga frá J-listanum, dags. 3. sept. 2018, varðandi ærslabelgi í Ólafsvík og á Hellissandi.
- 24) Tillaga frá D-listanum, dags. 28. ágúst 2018, varðandi vélavinnu í Ólafsvík.
- 25) Minnispunktar bæjarstjóra.

Snæfellsbæ, 4. september 2018
Kristinn Jónasson, bæjarstjóri

297. fundur bæjarráðs Snæfellsbæjar, haldinn fimmtudaginn 28. júní 2018 og hófst hann í Ráðhúsi Snæfellsbæjar kl. 12:00.

Mættir:

Júníana Björg Óttarsdóttir
Rögnvaldur Ólafsson
Fríða Sveinsdóttir
Kristinn Jónasson, bærjarstjóri
Lilja Ólafardóttir, bæjarritari

Formaður bæjarráðs setti fund og bauð fundarmenn velkomna á fundinn. Óskaðu hún eftir að fá að taka inn með afbrigðum sem 13. lið erindisbréf íþróttá- og æskulýðsnefndar. Var það samþykkt og að því búnu gengið beint til boðaðrar dagskrár.

Dagskrá:


- 1) **Fundargerð 164. fundar menningarnefndar, dags. 14. júní 2018.**
Fundargerðin samþykkt samhljóða.
- 2) **Fundargerð 404. fundar stjórnar Hafnasambands Íslands, dags. 28. maí 2018.**
Lagt fram til kynningar.
- 3) **Bréf frá Lárusi Skúla Guðmundssyni, dags. 18. júní 2018, varðandi lóðarleigusamninga.**
Bæjarráð vísar til svarbréfs til Lárusar, dags. 8. júní 2018, þar sem fram kemur að það séu lóðarhafar sem þinglýsi lóðarleigusamningum og að Snæfellsbær hafi ekki gögn um það hvaða samningum hefur verið þinglýst og hverjum ekki. Snæfellsbær hefur því ekki forsendur til að svara því hversu margir lóðarleigusamningar eru þinglýstir í Snæfellsbæ.
- 4) **Bréf frá Ólínu Gunnlaugsdóttur, dags. 19. júní 2018, varðandi lóðamál á Arnarstapa.**
Bæjarráð samþykkti samhljóða að vísa erindinu til afgreiðslu umhverfis- og skipulagsnefndar.
- 5) **Bréf frá knattspyrnudeild Víkings Ó., dags. 26. júní 2018, varðandi vallarmál í Snæfellsbæ.**
Júníana vék af fundi undir þessum lið og Fríða tók við stjórn fundarins.
Bæjarráð samþykkti samhljóða að veita styrk vegna vallarmála á Reynisvelli og Ólafsvíkuvelli að upphæð kr. 3.000.000.-
Júníana kom aftur inn á fund og tók við stjórn fundarins.
- 6) **Bréf frá Sýslumanninum á Vesturlandi, dags. 8. júní 2018, varðandi ósk um umsókn bærjarstjórnar um umsókn Jarl veitingar ehf. um leyfi til reksturs veitingastaðar í flokki II, kaffihús að Gufuskálum, Snæfellsbæ.**
Bæjarráð Snæfellsbæjar samþykkir fyrir sitt leyti ofangreinda umsókn Jarl veitingar ehf. um leyfi til að reka veitingastað í flokki II, kaffihús, að Gufuskálum, Snæfellsbæ, að því tilskildu að umhverfis- og skipulagsnefnd, slökkviliðsstjóri og yfirmaður tæknideildar gefi jafnframt jákvæða umsögn. Bæjarráð gerir fyrirvara um að enginn sorpsamningur fylgir umsókn og fer fram á það að leyfi verði ekki gefið fyrr en hann hefur borist.
- 7) **Bréf frá Íslenskri orkumiðlun ehf., dags. 4. júní 2018, varðandi fyrirspurn um raforkukaup.**
Bæjarráð samþykkti samhljóða að fela bærjarstjóra og bæjarritara að svara erindinu.
- 8) **Áskorun bærjarstjórnar Akraness til Reykjavíkurborgar um tafarlausan undirbúning að lagningu Sundabrautar.**
Bæjarráð tekur heilshugar undir ályktun bæjarráðs Akraness.
- 9) **Bréf frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga, dags. 19. júní 2018, varðandi öldungaráð.**
Bæjarráð samþykkti samhljóða að fela bæjarritara að semja erindisbréf fyrir öldunarráð og mun bærjarstjórn skipa í þá nefnd þegar erindisbréfið hefur verið samþykkt, en eigi síðar en á fundi sínum í september.

JVO RO FS


- 10) **Bréf frá Mennta- og menningarmálaráðuneytinu, dags. 5. júní 2018, varðandi eftirfylgni með úttekt á leikskóla Snæfellsbæjar, ásamt svarbréfi leikskólustjóra.**
Lagt fram til kynningar.
- 11) **Erindisbréf velferðarnefndar.**
Erindisbréfið samþykkt samhljóða.
- 12) **Erindisbréf umhverfis- og skipulagsnefndar.**
Erindisbréfið samþykkt samhljóða.
- 13) **Erindisbréf íprótta- og æskulýðsnefndar.**
Erindisbréfið samþykkt samhljóða.
- 14) **Minnispunktur bæjarstjóra.**
a) Bæjarstjóri sagði frá fundi með heilbrigðisráðherra í síðustu viku varðandi málefni Jaðars.
b) Bæjarstjóri sagði frá því að félagsmálaráðherra hafi komið í heimsókn hingað í gær.
c) Ljósleiðaraframkvæmdum í dreifbýlinu er nú lokið.


Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 12:48


Júniana Björg Ottarsdóttir


Rögnvaldur Ólafsson


Friða Sveinsdóttir


Kristinn Jónasson, bæjarstjóri


Lilja Ólafardóttir, bæjarritari

298. fundur bæjarráðs Snæfellsbæjar, haldinn fimmtudaginn 12. júlí 2018 og hófst hann í Ráðhúsi Snæfellsbæjar kl. 12:00.

Mættir:


Júníana Björg Óttarsdóttir
Rögnvaldur Ólafsson
Fríða Sveinsdóttir
Kristinn Jónasson, bærarstjóri
Lilja Ólafardóttir, bæjarritari

Formaður bæjarráðs setti fund og bauð fundarmenn velkomna á fundinn. Óskaðu hún eftir að fá að taka inn með afbrigðum sem 9. lið fundargerð umhverfis- og skipulagsnefndar, dags. 11. júlí 2018. Var það samþykkt og að því búnu gengið beint til boðaðrar dagskrár.


Dagskrá:


- 1) **Fundargerð 861. fundar stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga, dags. 29. júní 2018.**
Lagt fram til kynningar.
- 2) **Þakkarbréf stjórnar HSH til bærarstjórnar Snæfellsbæjar fyrir veittan stuðnin á undanförunum árum.**
Bæjarráð þakkar bréfið.
- 3) **Bréf frá Grundarfjarðarbæ, dags. 28. júní 2018, varðandi aðalskipulagstillögu.**
Lagt fram til kynningar.
- 4) **Bréf frá mennta- og menningarmálaráðuneytinu, dags. 22. júní 2018, varðandi eftirfylgni með úttekt á leikskóla Snæfellsbæjar.**
Bæjarráð metur það þannig að leikskólanum hafi tekist vel til í umbótum á skólastarfinu í kjölfar úttektarinnar.
- 5) **Erindisbréf umhverfis- og skipulagsnefndar.**
Erindisbréfið er lagt fyrir endurbætt til samþykktar vegna breytinga sem gerðar voru frá síðasta fundi. Erindisbréfið samþykkt samhljóða.
- 6) **Erindisbréf öldungaráðs Snæfellsbæjar.**
Lagt fram til kynningar.
- 7) **Erindisbréf landbúnaðarnefndar.**
Erindisbréfið samþykkt samhljóða.
- 8) **Persónuverndarstefna Snæfellsbæjar.**
Persónuverndarstefna Snæfellsbæjar samþykkt samhljóða. Jafnframt fól bæjarráð bærarstjóra og bæjarritara að ráða í starf persónuverndarfulltrúa fyrir Snæfellsbæ.
- 9) **Fundargerð umhverfis- og skipulagsnefndar, dags. 11. júlí 2018.**
Fundargerðin samþykkt samhljóða.
- 10) **Minnispunktur bærarstjóra.**
 - a) Bærarstjóri fór yfir staðgreiðslufirlit fyrstu 6 mánaða ársins.
 - b) Bærarstjóri sagði frá stöðunni á kostnaði við gervigrasvöllinn í Ólafsvík.
 - c) Bærarstjói fór yfir vinnuskólann í sumar.


Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 12:50


Jónína Björg Ottarsdóttir


Rögnvaldur Ólafsson


Friða Sveinsdóttir


Kristinn Jónasson, bærjarstjóri


Lilja Ólafardóttir, bærjarritari

299. fundur bæjarráðs Snæfellsbæjar, haldinn fimmtudaginn 26. júlí 2018 og hófst hann í Ráðhúsi Snæfellsbæjar kl. 12:00.

Mættir:


Júníana Björg Óttarsdóttir
Auður Kjartansdóttir í forföllum RÓ
Fríða Sveinsdóttir
Kristinn Jónasson, bærarstjóri
Lilja Ólafardóttir, bæjarritari


Formaður bæjarráðs setti fund og bauð fundarmenn velkomna á fundinn. Var að því búnu gengið beint til boðaðrar dagskrár.


Dagskrá:


- 1) **Bréf frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga, dags. 20. júlí 2018, varðandi boðun XXXII. landsþings Sambands íslenskra sveitarfélaga.**
Lagt fram til kynningar.
- 2) **Bréf frá Orkustofnun, dags. 5. júlí 2018, varðandi drög að borholureglum til umsagnar.**
Lagt fram til kynningar.
- 3) **Bréf frá Sigurjóni Njarðarsyni, dags. 24. júlí 2018, varðandi grein um lausagöngu búfjár, fjallskil o.fl.**
Nokkur umræða varð um lausagöngu búfjár og hvaða lausnir væru mögulegar til að koma í veg fyrir búfénað á þjóðvegum í bæjarfélaginu.
- 4) **Umsókn Önnu Bjarkar Guðjónsdóttur, dags. 18. júlí 2018, um að fá að halda hundin Blíðu.**
Umsóknin samþykkt samhljóða.
- 5) **Bréf frá Lánasjóði sveitarfélaga, ódags., varðandi breytilega vexti LS.**
Lagt fram til kynningar.
- 6) **Minnisblað bærarstjóra varðandi nám utan lögheimilissveitarfélags. Trúnaðarmál – lagt fram á fundinum.**
Fært í trúnaðarmálabók.
- 7) **Minnispunktur bærarstjóra.**
 - a) Bærarstjóri sagði frá heitavatnsmálum á Lýsuhóli.
 - b) Bærarstjóri sagði frá varmadælumálum í Ráðhúsinu.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 12:30


Júníana Björg Óttarsdóttir


Auður Kjartansdóttir


Fríða Sveinsdóttir


Kristinn Jónasson, bærarstjóri


Lilja Ólafardóttir, bæjarritari

300. fundur bæjarráðs Snæfellsbæjar, haldinn fimmtudaginn 23. ágúst 2018 og hófst hann í Ráðhúsi Snæfellsbæjar kl. 11:00.

Mættir:

Júníana Björg Óttarsdóttir
Rögnvaldur Ólafsson
Fríða Sveinsdóttir
Kristinn Jónasson, bærarstjóri
Lilja Ólafardóttir, bæjarritari


Formaður bæjarráðs setti fund og bauð fundarmenn velkomna á fundinn. Var að því búnu gengið beint til boðaðrar dagskrár.


Dagskrá:


- 1) **Pakkhúsið í Ólafsvík – sýning á efri hæð.**
Rebekka Unnarsdóttir mætti á fundinn og kynnti fyrirhugaðar breytingar á sýningarsvæðinu á 2. og 3. hæð Pakkhússins. Bæjarráð samþykkti að fá fund með hönnuði fyrirhugaðrar sýningar, ásamt menningarnefnd og Rebekku til að ræða þá möguleika sem eru til staðar.
Rebekka vék nú af fundi.
- 2) **Bréf frá Sýslumanninum á Vesturlandi, dags. 15. ágúst 2018, varðandi ósk um umögn bærarstjórnar um umsókn Rúnars Atla Gunnarssonar um leyfi til reksturs gististaðar í flokki II, gistiskáli, að Böðvarsholti í Staðarsveit, Snæfellsbæ.**
Bæjarráð samþykkti samhljóða fyrir sína hönd umsókn Rúnars Atla Gunnarssonar um leyfi til reksturs gististaðar í flokki II, gistiskáli, að Böðvarsholti í Staðarsveit, Snæfellsbæ, að því tilskildu að umhverfis- og skipulagsnefnd, slökkviliðsstjóri og yfirmaður tæknideildar gefi jafnframt jákvæða umsögn.
- 3) **Bréf frá mennta- og menningarmálaráðuneytinu, dags. 30. júlí 2018, varðandi lok eftirfylgni með úttekt á Leikskóla Snæfellsbæjar.**
Lagt fram til kynningar.
- 4) **Bréf frá Svandísi Jónu Sigurðardóttur, dags. 22. ágúst 2018, varðandi ósk um leyfi til að stunda nám samhliða vinnu, skólaárið 2018/2019.**
Í gildi eru reglur um námsleyfi kennara og telur bæjarráð eðlilegt að þessi umsókn fylgi þeim reglum, með fyrirvara um samþykki skólastjóra.
- 5) **Bréf frá Reykjavíkurborg, dags. 27. júlí 2018, varðandi ósk um tímabundna niðurgreiðslu á leikskólagjöldum fyrir barn með lögheimili í Snæfellsbæ.**
Erindið fellur undir reglur Snæfellsbæjar um niðurgreiðslur leikskólagjalda og samþykkir því bæjarráð samhljóða niðurgreiðslur leikskólagjalda allt að áramótum 2018-2019.
- 6) **Umsókn um námsvist í grunnskóla utan lögheimilissveitarfélags. Trúnaðarmál – erindið lagt fyrir á fundinum.**
Fært í trúnaðarmálabók.
- 7) **Minnispunktur bærarstjóra.**
 - a) Bærarstjóri fór yfir grunnskólamála.
 - b) Bærarstjóri fór yfir framkvæmdir við Lýsulaugar.
 - c) Bærarstjóri sagði frá ferð sem hann, ásamt framkvæmdastjórum og oddvitum sveitarfélaga á Snæfellsnesi fóru í á mánudaginn.


Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 11:52


Júníana Björg Óttarsdóttir


Rögnvaldur Ólafsson


Kristinn Jónasson, bærarstjóri


Friða Sveinsdóttir


Lilja Ólafardóttir, bæraritari

UMHVERFIS- OG SKIPULAGNEFND SNÆFELLSBÆJAR

Umhverfis- og skipulagsnefnd - 117117. fundur umhverfis- og skipulagsnefndar
haldinn í Ráðhúsi Snæfellsbæjar, fimmtudaginn 30. ágúst 2018
og hófst hann kl. 09:00.

Fundinn sátu:

Drífa Skúladóttir Nefndarmaður, Auður Kjartansdóttir Varamaður, Halldór Kristinsson Nefndarmaður, Illugi Jens Jónasson Nefndarmaður, Ásdís Lilja Pétursdóttir Ritari, Magnús Eiríksson Nefndarmaður, Davíð Viðarsson Embættismaður og Matthías Páll Gunnarsson Embættismaður.

Fundargerð ritaði: Ásdís Lilja Pétursdóttir, Ritari.

Dagskrá:

- 1. 1709003 - Skógræktarfélag Ólafsvíkur_félagið leggur til að allt óbyggilegt land ofan Ólafsvíkur verði skipulagt sem eitt skógræktarsvæði**
Umhverfis- og skipulagsnefnd samþykkir erindið með fyrirvara um grenndarkynningu og aðalskipulagsbreytingu.
- 2. 1808002 - Miðbrekka 9_byggingarfulltrúi leggur fyrir nefndina tillögu að breytingu á lóðarstærð**
Umhverfis- og skipulagsnefnd samþykkir erindið.
- 3. 1808007 - Músaslóð 13_Guðrún Elín Ólafsdóttir sækir um úthlutun lóðar**
Umhverfis- og skipulagsnefnd samþykkir úthlutun lóðar.
- 4. 1807012 - Aðalskipulag Grundarfjarðarbæjar_til kynningar og umsagnar**
Umhverfis- og skipulagsnefnd gerir ekki athugasemdir við aðalskipulag Grundarfjarðarbæjar en sendir bréf með ábendingum.
- 5. 1410004 - Bjarnarfoss 197931_umsókn um byggingarleyfi fyrir ca. 18 m² viðbyggingu við bílskúr, kvist í NV á bílskúr auk skjólgirðingar**
Umhverfis- og skipulagsnefnd samþykkir erindið.
- 6. 1807002 - Hraunás 2_Paulina Kwiatkowska sækir um byggingarleyfi fyrir breytingum á gluggum og hurðum**
Umhverfis- og skipulagsnefnd samþykkir erindið.

MFG HK
AK 777
M.S. 1

UMHVERFIS- OG SKIPULAGNEFND SNÆFELLSBÆJAR

7. **1808004 - Sandholt 6_Hrönn Héðinsdóttir sækir um leyfi til að setja nýja klæðningu á húsið**
Umhverfis- og skipulagsnefnd samþykkir erindið.
8. **1808011 - Sandholt 8_unnur Emanúelsdóttir sækir um að klæða húsið með bárujárni og skipta um glugga**
Umhverfis- og skipulagsnefnd samþykkir erindið.
9. **1808005 - Móar 7_Edda Hilmarsdóttir sækir um leyfi til að fjarlægja gestahús á lóðinni. Fyrirhugað er að flytja það á annan stað**
Umhverfis- og skipulagsnefnd samþykkir erindið.
10. **1808006 - Gufuskálar_Byggingarfulltrúi sækir um byggingarleyfi fyrir breytingum á hurðum og gluggum skv. meðfylgjandi teikningum**
Umhverfis- og skipulagsnefnd samþykkir erindið.
11. **1808008 - Músaslóð 13_Guðrún Elín Ólafsdóttir sækir um byggingarleyfi fyrir 105 fm. frístundahúsi (heilsárshúsi) skv. meðfylgjandi teikningum**
Umhverfis- og skipulagsnefnd hafnar erindinu þar sem teikningar standast ekki deiliskipulag svæðisins varðandi mænistefnu.
12. **1808010 - Sölvaslóð 12_MS investments ehf. sækir um byggingarleyfi á lóðinni fyrir frístundahúsi og gestahúsi skv. meðfylgjandi teikningum (ca. 118 fm.)**
Umhverfis- og skipulagsnefnd hafnar erindinu þar sem teikningar standast ekki deiliskipulag svæðisins varðandi mænistefnu.
13. **1808012 - Grundarbraut 34_Börkur Hrafn Árnason sækir um leyfi fyrir breytingu á inngangi í kjallara og loka af kjallara og bílskúr**
Umhverfis- og skipulagsnefnd samþykkir erindið með fyrirvara um ítarlegri teikningar.
14. **1808013 - Foss_Helga María Magnúsdóttir sækir um byggingarleyfi fyrri tvö 14,3 fm. sumarhús skv. meðfylgjandi teikningum**
Umhverfis- og skipulagsnefnd hafnar byggingarleyfi fyrir húsunum þar sem þau standast ekki byggingarreglugerð.
15. **1808014 - Brúarholt 8_Artur Jacek Panek sækir um byggingarleyfi til að skipta út þremur gluggum**
Umhverfis- og skipulagsnefnd hafnar erindinu þar sem það stenst ekki reglugerð um björgunarop. Breidd björgunarops skal vera minnst 0,60 m. og hæð minnst 0,60 m. og skal samanlögð hæð og breidd gluggans ekki

M.P.R.

AK H.K.

777

2 M.G.

UMHVERFIS- OG SKIPULAGNEFND SNÆFELLSBÆJAR

vera minni en 1,50 m. Hæð frá gólfi að björgunaropi má ekki vera meiri en 1,20 m., sbr. 2. tl. 2. mgr. 9.5.5. gr. byggingarreglugerðar 112/2012.

16. 1808015 - Við Klettabúð (Líkn)_Byggingarfulltrúi Snæfellsbæjar sækir um byggingarleyfi fyrir breytingum á gluggum skv. meðfylgjandi teikningum

Umhverfis- og skipulagsnefnd samþykkir erindið.

17. 1808009 - Snoppuvegur 6_ Útgerðarfélagið Álfar ehf. sækir um stöðuleyfi fyrir gám sem nota á sem geymslu fyrir frosinn fisk (beitu)

Umhverfis- og skipulagsnefnd hafnar erindinu.

18. 1808003 - Fjárhús við Hvalsá (210-4036)_Ágúst I. Sigurðsson sækir um byggingarleyfi fyrir niðurrifi

Umhverfis- og skipulagsnefnd samþykkir erindið.

19. 1808001 - Fellaslóð_Helga Birkisdóttir sendir inn bréf með ósk um svör við nokkrum fyrirspurnum

Umhverfis- og skipulagsnefnd felur byggingarfulltrúa að svara bréfinu.

20. 1804013 - Önnur mál - umhverfis- og skipulagsnefnd 2018

- Byggingarfulltrúi kynnti auglýsingu og upplýsingablað til eiganda nýrra fasteigna, varðandi leyfisskyldar framkvæmdir.

Umhverfis- og skipulagsnefnd felur byggingarfulltrúa að senda auglýsinguna í bæjarblaðið Jökul.

- Umhverfis- og skipulagsnefnd óskar eftir fundi með bæjarstjórn, varðandi heildarskipulag og framtíðarsýn á Arnarstapa fyrir næsta fund umhverfis- og skipulagsnefndar sem verður 27. september n.k.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 11:20.

Matthias Páll Gunnarsson
Annam Kjartansdóttir
Halldór Kári
Flugi Ferni
Hagani
Pip

Fjallskilaneftarfundur, 21. ágúst 2018

Boðað var til fjallskilafundar, þriðjudaginn 21. ágúst og hófst hann kl. 21:00 heima hjá Guðmundi Ólafssyni í Ólafsvík.

Á fundinn voru mættir: Herdís Leifsdóttir, formaður, Guðmundur Ólafsson og Þór Reykfjörð Kristjánsson.

Við fórum yfir fjallskilagögn frá síðasta ári og yfir fjölda hjá hverju búi og bættum og minnkuðum eftir því sem við átti. Smaladagarnir færðust eitthvað til frá síðastliðnu ári.

Fundi var svo slitið kl. 22:30.

Á fundinn mættu

Herdís Leifsdóttir

Guðmundur Ólafsson

Þór Reykfjörð Kristjánsson

Reglur Snæfellsbæjar varðandi nemendur sem óska eftir að stunda tónlistarnám í öðrum sveitarfélögum

Samkvæmt ákvörðun bæjarstjórnar Snæfellsbæjar geta framhaldsskólanemendur sem stunda nám utan sveitarfélags sótt um niðurgreiðslu námskostnaðar vegna tónlistarnáms.

Snæfellsbæ ber ekki lagaleg skylda til að greiða þennan kostnað.

Um niðurgreiðslu námskostnaðar gilda eftirfarandi reglur:

1. Framhaldsskólanemendur með lögheimili í Snæfellsbæ sem leggja stund á tónlistarnám í öðru sveitarfélagi geta sótt um niðurgreiðslu námskostnaðar. Skilyrði er að viðkomandi sé í að minnsta kosti hálfu námi í tónlistarskóla sem sveitarfélagið viðurkennir, hafi áður stundað nám við Tónlistarskóla Snæfellsbæjar og að viðkomandi standi ekki til boða lengur nám við hæfi í heimabyggð.
2. Sækja þarf um niðurgreiðslu skriflega til bæjarritara Snæfellsbæjar fyrir 1. ágúst ár hvert vegna náms á haustönn og 1. desember fyrir nám á vorönn.
3. Áður en umsókn er afgreidd þarf að skila inn námsvottorði annarinnar frá Tónlistarskóla Snæfellsbæjar, þar sem fram koma upplýsingar um ástundun og námsárangur síðasta skólaárs, ásamt umsögn kennara í viðkomandi aðalnámsgrein. Þessar upplýsingar eru hafðar til hliðsjónar við afgreiðslu umsóknar.
4. Bæjarstjórn tekur ákvörðun um heildarupphæð niðurgreiðslna við gerð fjárhagsáætlunar. Hámarks niðurgreiðsla fyrir hvern nemanda skal ákvarðast í bæjarstjórn fyrir hvert skólaár. Snæfellsbær áskilur sér rétt til að meta umsókn með hliðsjón af því hvort að sambærilegt nám er í boði í Snæfellsbæ.
5. Ef að bæjarstjórn samþykkir niðurgreiðslu til tónlistaráms í öðrum sveitafélögum, þá óskar bæjarstjórn eftir upplýsingu um ástundun og námsárangur frá viðkomandi tónlistarskóla við lok hverjar annar og áskilur sér rétt til að rifta gerðum samningum.
6. Snæfellsbær niðurgreiðir ekki tónlistarnám á háskólastigi.

**Samþykkt í bæjarstjórn
6. september 2018**

Samþykkt í fræðslunefnd Snæfellsbæjar

Bæjarstjórn Snæfellsbæjar
Klettsbúð 4
360 Snæfellsbæ

Efni: Nám við Tónlistarskóla Akraness

Undirrituð, f.h. Kristján Steins Matthíassonar, kt.: 301202-2880, óskar eftir aðstoð Snæfellsbæjar til að Kristján Steinn geti stundað tónlistarnám á Akranesi, þar sem hann stundar jafnframt nám við Fjölbrotarskólann.

Þar sem Kristján Steinn á lögheimili hér í Snæfellsbæ fær hann ekki inngöngu í tónlistarskólann nema með milligöngu lögheimilissveitarfélags.



Íris Ósk Jóhannsdóttir

Umsókn um leyfi til náms samhliða starfi.

Undirritaður kennari / leiðbeinandi sækir hér með til bæjarstjóra Snæfellsbæjar um heimild til ástundunar framhaldsnáms / réttindanáms í fjarnámsformi samhliða og ásamt fjarveru frá starfi í staðbundnum lotum í viðkomandi menntastofnun.

Bæjarstjóri afgreiðir umsókn þessa að fenginni umsögn skólustjóra ásamt og samþykki umsækjanda fyrir neðangreindum skilyrðum:

1. Umsækjandi skuldbindur sig til að starfa við Leik-og grunnskóla Snæfellsbæjar eftir að námi lýkur sem nemur jafnlengd námstímans að því tilskyldu að umsækjandi hafi gildan ráðningarsamning við skólann hverju sinni. Skuldbindingin skal þó nema a.m.k.einu skólaári í tilviki Grunnskóla Snæfellsbæjar að loknu námi.
2. Umsækjandi skuldbindur sig til samráðs við skólustjóra um tilhögun námsins að því er lýtur að samræmingu og sem minnstu rökunar skólustarfsins á hverjum tíma, s.s. um fjarverudagsetningar og kynningu til skólustjóra með nægum fyrirvara um skipulag staðbundins náms.
3. Umsækjandi skuldbindur sig til að hlíta úrskurði skólustjóra um hvort fjarvera vegna náms verði heimilluð hverju sinni, sbr. tl.2.
4. Til að öðlast fullgilda afgreiðslu bæjarstjóra, að uppfylltum tilgreindum skilyrðum tl.1, 2 og 3 hér að ofan skal umsækjandi hafa þegar valið hér á eftir annað efrifarandi starfsskilyrða fyrir leyfi til náms samhliða starfi.

A: Umsækjandi nýtur óskertra launa í fjarveru frá starfi vegna námsins enda skuldbindur hann sig til endurgreiðslu þess kostnaðar sem af því hlýst ef riftun verður á ákvæðum tl. 1 hér að ofan. Hámarksréttur starfsmanns til óskertra launa er að hámarki 21 dagur hvert almanaksár.

B: Laun umsækjanda skerðast sem nemur fjarveru hans frá starfi vegna námsins enda gildi ekki endurgreiðsluskylda ef til riftunar kemur á tl. 1 hér að ofan.

Ath! Um ákvæði riftunar á tl. 1 hér að ofan er hvort tveggja átt við að umsækjandi hverfi frá starfi vegna þess að ekki verði um ráðningu að ræða tilgreint skólaár eða að umsækjandi kys að hætta starfi fyrr heldur en tilgreint er í tl. 1. Endurgreiðsluskylda umsækjanda er þ.a.l. virk enda þótt ekki verði um endurráðningu af hálfu skólans áður en tímabili lýkur.

Snæfellsbæ, 27/8 2019

Nafn og kennitala umsækjanda

Lisa Dögg Davíðsdóttir 020191-2289

Afgreiðsla umsóknar:

Samþykki bæjarstjórans í Snæfellsbæ

Synjun bæjarstjórans í Snæfellsbæ

Samþykkt
Lilja

Snæfellsbær, 31 ágúst 2018

Undirritaður óska hér með eftir lausn frá starfi mínu sem fyrsti varamaður J- listans í bæjarstjórn Snæfellsbæjar og sem aðalmaður í hafnarnefnd Snæfellsbæjar frá og með 1. september 2018 til lok núverandi kjörtímabils.

Virðingarfyllst



Eggert Arnar Bjarnason

Kristinn Jónasson

From: dogg moesdottir <doggmo@yahoo.com>
Sent: föstudagur, 24. ágúst 2018 15:04
To: Kristinn Jónasson
Subject: Umsókn Northern Wave
Attachments: Styrkur SNB.pdf

Sæll Kristinn og takk fyrir samtalið í dag.

Í viðhengi er umsókn fyrir hátíðina í ár sem verður haldin helgina 26.-28. október næstkomandi í Frystiklefanum.

Við þökkum kærlega fyrir stuðninginn undanfarin ár.

Kv, Dögg
www.northernwavefestival.com



Northern Wave (Norðanáttin) 2018

Alþjóðlega stuttmyndahátíðin Northern Wave verður haldin í ellefta sinn helgina 26. - 28. október í Frystiklefanum á Rífi, Snæfellsbæ. Hátíðin býður upp á fjölbreytt úrval alþjóðlegra stuttmynda, hreyfimynda, vidjóverka og íslenskra tónlistarmyndbanda auk annar viðburða, t.a.m. fiskiréttasamkeppni, fyrirlestra, vinnustofur og tónleika svo dæmi séu nefnd.

Áherslur 2018-2019

Hátíðin hefur undanfarin ár unnið mikla innri uppbyggingu á starfsemi hátíðinnar með það að markmiði að gera hana faglegri á allan hátt. Starfsemi hátíðarinnar hefur í raun tvöfaldast eftir að spænski framleiðandinn Carolina Salas bættist í hópinn en hún sér nær alfarið um fjármögnun of framkvæmd vinnusmiðja auk þess að vera viðburðaframleiðandi hátíðarinnar.

Í ár byrjaði starfsemin mun fyrr og hefur dreifst jafnt og þétt yfir allt árið.

Hátíðin býr nú að stórum hópi sjálfboðaliða og starfsfólks sem leggur á sig mikla vinnu af ástríðu til þess að hátíðin verði betri og faglegri með hverju árinu sem líður.

Samstarf við Rúv

Hátíðin í samstarfi við Rúv, hefur hafið hugmyndavinnu um hvernig megji nýta hátíðina til að koma íslensku efni enn betur á framfæri, t.d. með þáttaröð um hátíðina þar sem væru sýndar stuttmyndir (með leyfi framleiðanda og leikstjóra) eða úr stuttmyndum og viðtöl við leikstjóra og aðra þátttakendur í hátíðinni.

Heiðursgestur

Frá því á síðasta ári hefur verið unnið hörðum höndum að því að fá framleiðandann Gale Ann Hurd til landsins sem heiðursgest hátíðarinnar. Monica Lee Bellais sem var í dómnefnd hátíðarinnar á síðasta ári, kom okkur í samband við Gale og Bandaríska sendiráðið á Íslandi hefur samþykkt styrk sem greiðir fyrir kostnað vegna komu hennar og sýningu á heimildarmynd hennar Mankiller sem verður að líkindum, bæði sýnd á hátíðinni þann 27. Október og líka á séstakri hátíðarsýningu í Bíó Paradís, sunnudaginn 28. október.

Gale Ann Hurd er eigandi framleiðslurísans Valhalla Entertainment og er oft kölluð "The first lady of Sci-Fi". Hún framleiddi og er meðhöfundur Terminator og framleiddi m.a. Aliens, Hulk og sjónvarpsþáttaröðina The Walking Dead.

Vinnustofur

Vinnustofur af ýmsu tagi, yfirleitt í samstarfi við Wift á Íslandi og Wift Nordic eru nú orðnar af árlegum hluta dagskrár Northern Wave.

Í ár verður skipulögð vinnustofa sem er samstarf Northern Wave við Wift Nordic og Womarts, sem er evrópsk verkefni styrkt m.a. af Creative Europe og leggur áherslu á evrópskar konur í listum með ólíkum viðburðum um alla Evrópu.

Fyrirhugað er að skipuleggja fyrirlestur með Ísoldu Uggadóttur sem verður að auki boðið að vera með í dómnefnd hátíðarinnar í ár. Að auki mun heiðursgestur hátíðarinnar miðla af reynslu sinni í vinnustofunni. Womarts vinnustofan/viðburðurinn verður föstudaginn 26. Október áður en hátíðin er sett. Vinnustofan fer fram í Grundarfirði en okkur finnst mikilvægt að halda tengslum við Grundarfjörð, þar sem hátíðin var þar í 7 ár.

Womarts vinnustofan verður fjármögnum með fjármagni frá Womarts verkefninu. Að auki, fékk Wift Nordic vilyrði til þriggja ára fyrir 500.000 króna styrk til verkefnisins frá Kvikmyndasjóði Íslands sem Wift á Íslandi mun sækja um með frekari lýsingu á verkefninu.

Nú þegar hefur hátíðinni fengið styrk til að halda vinnusmiðju fyrir ungar stúlkur á Norðurlöndunum samhliða hátíðinni á næsta ári. Styrkurinn er frá Nordbuk og hljóðar upp á 25.000 evrur.

Áskoranir

Hátíðin hefur mætt mörgum áskorunum á þeim ellefu árum sem hún hefur verið starfrækt. Meðal þeirra er, efnahagshrunið sem varð til þess að hátíðin hafði úr minna fjármagni að móða, fjölgun ferðamanna á


svæðinu sem varð til þess að hátíðin var færð inn á Rif, þar sem var engin bíóaðstaða sem aðstandendur hátíðarinnar, þurftu að lyfta grettistaki til þessa að koma á fót og búa bæjarbúar í Snæfellsbæ nú að flottu bíói, þökk sé hátíðinni, þar sem íslenskar kvikmyndir eru nú sýndar allt árið um kring.

Undanfarin ár hefur verið á ferðabjónustu hækkað mikið sem gerir rekstur hátíðarinnar enn þyngrri.

Nú þegar að hátíðin er búin að festa sig í sessi er oft gert ráð fyrir að hún sé orðin fjárhagslega sjálfbær og styrkjaframlag til hennar ætti því að minnka, sem er þó fjarri lagi.

Hátíðin væri ekki starfræk ef ekki væri fyrir framlag úr kvikmyndasjóði og öðrum menningarsjóðum en líkt og líkt og með flesta menningarviðburði mun hátíðin alltaf þurfa að reiða sig á opinbert fjármagn.

Aðstandendur hátíðarinnar hafa þó reynt að finna nýjar leiðir til samstarfs og fjármögnunar á hátíðinni. Mikil ógreidd vinna liggur á bakvið hverja styrkumsókn og flestir sjóðir fara fram á að talsverður hluti vinnu vegna verkefnisins sé eigið framlag, þ.a.l. ólaunuð vinna. Hátíðin hefur því þurft að skera niður marga kostnaðarliði og veitir t.a.m. ekki lengur peningaverðlaun í fyrsta skipti í ár, eins og hafði verið hefð fyrir frá upphafi.



Markmið

Markmið hátíðarinnar er ekki bara að auðga menningarlífið á landsbyggðinni heldur líka að búa til þekkingarsmiðju og vettvang þar sem fagfólk úr greininni miðlar af reynslu sinni til nýrra kynslóða kvikmyndagerðarfólks.

Í stað þess að hátíðin stækki í umsvifum eða verði lengri er markmiðið að búa til árlegar alþjóðlegar vinnusmiðjur í aðdraganda hátíðarinnar. Mikilvægt markmið hátíðarinnar er líka að auka sýnileika í kvenna í kvikmyndagerð og hátíðin hefur tekið inn

jafnt myndir eftir konur sem karla og lagt sig fram að fá konur til að taka þátt í dómnefnd og fyrirlestrum.

Annað markmið hátíðarinnar hefur frá upphafi verið að sameina listgreinar, búa til vettvang þar sem aðilar frá ólíkum listgreinum geta

átt samtal og búa til grunnðvöll fyrir samstarfi. Kvikmyndatungumálið er ungt og við teljum að með opnu samtali m.a. milli ólíkra listgreina, geti kvikmyndalistin náð nýjum hæðum.

Áhrif hátíðarinnar

Hátíðin hefur nú fest sig í sessi og er þekkt og virt bæði meðal almennings og kvikmyndargerðarfólks hérlendis og erlendis. Erlendar hátíðir hafa beðið um myndir frá hátíðinni, núna síðast Nordisk Panorama sem bað okkur um val á tónlistarmyndböndum frá síðustu hátíð.

Fjallað hefur verið um hátíðina í flestum íslenskum fjölmiðlum en Landinn gerði t.a.m. ítarlega umfjöllun um hátíðina fyrir nokkrum arum síðan. Hátíðin hefur líka fengið umfjöllun erlendum fjölmiðlum.. Hér t.d. ein grein frá Cineuropa frá síðasta ári:

<http://cineuropa.org/nw.aspx?t=newsdetail&l=en&did=265287>

Áhrif hátíðarinnar eru fjölþætt. Henni hafa borist myndir frá yfir 60 löndum, sem hefur gefið áhorfendum innsýn í nýja menningarheima, tungumál og viðhorf. Fræðsugildi hátíðarinnar er því töluvert en hátíðargestir fá einstakt tækifæri á hverju ári til að hlusta á fyrirlestra og fara á námskeið með þekktu og reynslumiklu fagfólki úr kvikmyndabransanum. Fjölmargin listamenn hafa komið að hátíðinni og í gegnum hana myndast öflugt tengslanet og tengsl við bæjarfélagið og svæðið í heild. Bæjarbúar hafa fengið að upplifa nýjar hljómsveitir sem gera sér yfirleitt ekki ferð út á land.

Menningarviðburðir gera bæjarfélög að eftirsóttari íverustað og viðhorf bæjarbúa til bæjarfélagsins verður jákvæðara. Auðveldara er fyrir fyrirtæki að ráða inn nýtt starfsfólk, sem er frekar tilbúið til að setjast að í bæjarfélögum með virka menningarstarfsemi.

Fjölskrúðug menningarstarfsemi hefur haft góð áhrif á sjálfsmynd íbúanna sem eru jákvæðari en áður.

Menningarstarfsemi sem þessari fylgir ný kynslóð bæjarbúa sem eru fróðari og læsari á menningu og listir og vonandi sjá nýja og spennandi möguleika í sínu bæjarfélagi.

Verðlaun og viðurkenningar

Tilnefnd til Eyrarrósarinnar 2018

Tilnefnd til Eyrarrósarinnar 2016

Dögg Mósesdóttir Frumkvöðull Vesturlands 2011 fyrir Northern Wave

Tilnefning til Menningarverðlauna Dv 2010

Tilnefnd til Frumkvöðuls Vesturlands 2010
Vitinn 2010, Heiðursviðurkenning Hollvinafélags Grundarfjarðar
Helgrindur
2009, Viðurkenning frá fræðslu- og menningarmálanefnd
Grundarfjarðar
Tilnefnd til Frumkvöðuls Vesturlands 2009
Tilnefnd til Frumkvöðuls Vesturlands 2008

Lykilstarfsfólk hátíðarinnar og samstarfsaðilar

Aldrei hefur verið meiri fjöldi starfsfólks á bakvið hátíðina en á síðasta ári en alls störfuðu um 20 manns við hátíðina frá 13 löndum. Allt var þetta fólk sem vann vinnu sína af hugsjón, sem sjálfbóðaliðar eða fyrir lítil laun. Mikil verðmæti liggja í vinnu þessa fólks í þágu hátíðarinnar. Helstu aðstandendur hátíðarinnar eru eftirfarandi:



Dögg Mósedóttir kvikmyndagerðarkona er stofnaði hátíðina í samstarfi við Grundarfjarðarbæ með stuðningi frá Menningarsjóði Vesturland sem hefur stutt við hátíðina frá upphafi. Dögg hefur verið framkvæmdarstjóri hátíðarinnar frá upphafi. Hún sér um að auglýsa og kynna hátíðina í fjölmiðlum og fyrir kvikmyndagerðarfólki á Íslandi og erlendis. Hún sér um fjármögnun hátíðarinnar, forval mynda, framkvæmd, skipulag, dagskrá og hefur yfirumsjón með starfsfólki hátíðarinnar.



Carolina Salas er spænsk tókukona og framleiðandi, búsett á Íslandi, sem hefur verið aðalframleiðandi hátíðarinnar undanfarin þrjú ár, séð um gestamál, sjálfbóðaliða og umsjón sýningarsvæðinu. Carolina sér nú nær alfarið um vinnusmiðjuhluta Northern Wave.



Eyjólfur B. Eyvindarson hefur aðstoðað við hátíðina frá upphafi m.a. sem bílstjóri, umsjón með tónlistaratriðum og aðstoðað við fiskiveisluna ýmist sem sjálfbóðaliði eða starfsmaður.

Anna Aðalheiður Smáradóttir er grafískur hönnuður hátíðarinnar og sér um hönnun plakats, bæklinga og skilta.

Samstarfsaðilar:

Listaháskóli Íslands - Tengiliður Sigurður Guðjónsson
Wift Nordic - Konur í kvikmyndum og sjónvarpi á Norðurlöndunum
Womarts - Evrópskt samstarfsverkefni kvenna í listum
Snæfellsbær
Grundafjarðarbær
Félag Norræna stuttmyndahátíða
Nordbuk

Tíma- og verkáætlun

Janúar 2018 - Október 2017 Fjármögnun hátíðarinnar

Maí 2018 - Heimasíðan uppfærð, erlendum fyrirlesara boðið að koma.

Júní 2018 - Opnað fyrir umsóknir mynda. Auglýst í fjölmiðlum og netmiðlum.

Júní - Júlí 2018 Forvalsnefnd velur myndirnar, dómnefndin valin. Haft samband við hljómsveitir.

Ágúst- september 2018 - Erlendur fyrirlesari staðfestur og valdar myndir tilkynntar. Kynningarherferð í fjölmiðlum og vefmiðlum og dagskráin sett upp. Kynningarefni dreift.

September 2018 - Valdar myndir settar í digital form, gisting bókuð fyrir gesti

Október - Nóvember 2018 - Prentun á hátíðarbæklingi, lokaundirbúningur og hátíðin haldin. Uppgjör og frágangur



SNÆFELLSBÆR

Þar sem jökullinn ber við loft...

Til bæjarstjórnar

Tilv. 180101-02

Minnisblað

Efni: Eftirlitsmyndavélar.

Á fundi með lögreglustjóranum á Vesturlandi nú í vor var samþykkt að hann myndi kanna kostnað að koma upp eftirlitsmyndavélum í þéttbýli á Vesturlandi og jafnframt hvar þær yrðu staðsettar.

Þetta er hugsað þannig að sveitarfélögin bæru kostnað af því að kaupa umræddar vélar og setja þær upp en þær yrðu síðan tengdar í miðlægan gagnagrunn lögreglunar og þar með vaktaðar af lögreglu.

Á fundi þann 31. ágúst s.l. var farið yfir málið og þar upplýsti lögreglustjórinn að málið hefði tafist vegna mannbreytinga innan embættisins en nú yrði lög áhersla að klára málið.

Snæfellsbæ 04.09.2018

Kristinn Jónasson

bæjarstjóri



Erindisbréf öldungaráðs Snæfellsbæjar

I. Stjórnskipuleg staða öldungaráðs

Öldungaráð Snæfellsbæjar starfar í umboði bæjarstjórnar Snæfellsbæjar með þeim hætti sem nánar er kveðið á um í samþykkt þessari og með vísan til 38. gr. laga nr. 40/1991 og 8. gr. laga nr. 125/1999.

II. Verksvið öldungaráðs

Öldungaráð skal vera bæjarstjórn, nefndum og ráðum Snæfellsbæjar til ráðgjafar um málefni og hagsmuni sem varða íbúa bæjarfélagsins 67 ára og eldri. Ráðið fjallar um þjónustu við aldraða og framkvæmd og þróun í öldrunarmálum ásamt því að stuðla að upplýsingagjöf og samstarfi Snæfellsbæjar við hagsmunasamtök, móta stefnu og gera tillögur til Snæfellsbæjar sem varða verksvið þess.

Auk þess að vera til ráðgjafar getur ráðið beint tillögum og ályktunum til bæjarstjórnar, nefndar og ráða. Ráðið er ekki framkvæmdaaðili.

III. Hlutverk og markmið öldungaráðs

Öldungaráð er vettvangur samráðs íbúa sem eru 67 ára og eldri, félagasamtaka þeirra, atvinnulífs og bæjarstjórnar og er virkur þátttakandi í allri stefnumörkun málaflokksins. Öldungaráð er ráðgefandi fyrir starfsemi bæjarfélagsins í málaflokknum og stuðlar, í samstarfi við bæjarstjórn, að eflingu félagsauðs og kynningu á þjónustu bæjarfélagsins til íbúa sem eru 67 ára og eldri.

Helstu hlutverk, verkefni og markmið öldungaráðs eru:

- að fylgjast með heilsufari og félagslegri velferð aldraðra og samhæfa þjónustu,
- að gera tillögur til bæjarstjórnar um öldrunarþjónustu,
- að leitast við að tryggja að aldraðir fái þá þjónustu sem þeir þarfnast og kynna öldruðum þá kosti sem í boði eru,
- að koma skoðunum og tillögum íbúa 67 ára og eldri til viðeigandi aðila í stjórnkerfi Snæfellsbæjar,
- að gæta hagsmuna íbúa 67 ára og eldri um mál sem snerta aldurshópinn sérstaklega,
- að efla tengsl hagsmunasamtaka hópsins og bæjaryfirvalda með því m.a. að standa fyrir umræðu um þau mál sem til hagsbóta geta verið fyrir íbúa 67 ára og eldri,
- að gera tillögur til félagsmálanefndar Snæfellinga um stefnumörkun í málefnum íbúa 67 ára og eldri,
- að taka til umfjöllunar þau mál sem nefndir eða ráð óska eftir hverju sinni og önnur þau mál sem ráðið telur nauðsynlegt að fjalla um í samræmi við hlutverk og markmið ráðsins,

Bæjarstjórn skal kynna öldungaráðinu með góðum fyrirvara hugmyndir og tillögur sem varða aldraða, s.s. hugmyndir um eða breytingu á gjaldskráum vegna þjónustu við aldraða og hugmyndir um eða breytingu á reglum um niðurfellingar eða afslætti til eldri borgara.

Bæjarstjórn skal halda fund með öldungaráði að lágmarki einu sinni á ári.

IV. Skipan

Öldungarráðið er skipað fimm fulltrúum og jafnmörgum til vara. Bæjarstjórn kýs þrjú fulltrúa og þrjú til vara. Félag eldri borgara í Snæfellsbæ kýs tvo fulltrúa og tvo til vara. Við kosningu í ráðið skal gætt að kynjahlutföllum og kjörgengir eru þeir sem eiga lögheimili í bæjarfélaginu. Bæjarstjórn kýs formann ráðsins en öldungaráðið skiptir að öðru leyti með sér verkum. Kjörtímabil ráðsins er hið sama og bæjarstjórnar.

Fulltrúi Félags- og skólaþjónustu Snæfellinga er tengiliðir bæjarstjórnar við öldungaráð, situr fundi ráðsins, starfar með því og er því til aðstoðar.

Auk kjörinna fulltrúa og fulltrúa Félags- og skólaþjónustu Snæfellinga, á **bæjarstjóri** rétt á að sitja fundi nefndarinnar með málfrelsi og tillögurétti.

Nefndinni er heimilt að kalla til sín sérhvern þann sem tengist málum sem fjallað er um.

V. Boðun funda og fundarsköp

Um starfshætti nefnda/ráða er sérstaklega getið í VI. kafla samþykktar um stjórn og fundarsköp Snæfellsbæjar og skal þeim fylgt efir því sem við á.

Öldungaráð kemur saman fyrir **luktum dyrum á fastákveðnum fundartíma**, að minnsta ársfjórðungslega. Skal nefndin gera samþykkt um þennan fundartíma á sínum fyrsta fundi að höfðu samráði við bæjarstjóra. Jafnframt skal ráðið halda opinn fund árlega með Félagi eldri borgara í Snæfellsbæ. Formaður getur boðið til aukafundar eftir þörfum.

Nefndin skal halda **gerðarbók**. Kjörinn eða ráðinn ritari færir fundargerð í gerðabókina. Í gerðabók skal skrá **hvar og hvenær** fundur er haldinn, **hverjir** sitja hann og **hvenær honum lýkur**. Skrá skal **einstök mál**, sem tekin eru fyrir á fundinum, **hvenær þau komu til, nöfn** hlutaðeigandi, **meginefni og afgreiðslu** nefndarinnar. Í lok fundar skal ritari **lesa fundargerðina** upp og allir viðstaddir **undirrita hana**.

Öldungaráð getur ákveðið að fundargerðir verði **skráðar í tölvu** og skal það þá gert í samræmi við 16 gr. í samþykktum um stjórn og fundarsköp Snæfellsbæjar.

Strax að loknum fundi kemur ritari nefndarinnar fundargerðinni til bæjarritara sem hefur umsjón með frágangi og ritvinnslu fundargerðarinnar og leggur hana fram með dagskrá næsta bæjarstjórnarfundar. Bæjarritari sendir fundarmönnum afrit af fundargerð nefndarinnar ásamt afgreiðslu bæjarstjórnar.

Nefndarformaður sér um boðun funda. Fundarboðun skal vera **skrifleg og tilgreina fundarstað, tíma og dagskrá**. Fundarboð skal sent nefndarmönnum og öðrum sem seturétt hafa á fundum eigi síðar en **sólarhring fyrir fund**.

Nefndarformaður stýrir fundum nefndarinnar skv. ákvæðum IV. kafla samþykktar um stjórn og fundarsköp Snæfellsbæjar.

Fundur telst ályktunarhæfur **ef meirihluti nefndarinnar er mættur** á fund. Í atkvæðagreiðslu ræður afl atkvæða. Mál telst fallið í atkvæðagreiðslu ef atkvæði falla að jöfnu með og á móti.

Ályktanir nefndarinnar til bæjarstjórnar og bæjaráðs skal ætíð **senda bæjarstjórn** í sérstöku erindi.

Fulltrúar í nefndinni skulu fá **hæfilega þóknun** úr bæjarsjóði fyrir störf sín í nefndinni samkvæmt nánari ákvörðun bæjarstjórnar.

VI. Eftirfylgni

Formaður og aðrir fulltrúar öldungaráðs skulu snúa sér til bæjarstjóra með eftirfylgni staðfesta samþykktar nefndarinnar.

VII. Réttindi og skyldur nefndarmanna

Um réttindi og skyldur nefndarmanna gilda ákvæði sveitarstjórnarlaga og samþykktar um stjórn og fundarsköp Snæfellsbæjar, eftir atvikum.

Nefndarmanni er skylt að sækja fundi nema lögmæt forföll hamli. Skal hann boða varamann sinn og láta formann eða starfsmann nefndarinnar vita um forföll með góðum fyrirvara.

Hver nefndarmaður á rétt á að koma máli á dagskrá fundar, enda skilar hann efni þess til nefndarformanns eða starfsmanns a.m.k. tveimur sólarhringum fyrir fund.

Fulltrúar skulu hafa hag bæjarfélagsins að leiðarljósi við nefndarstörf sín en eru ekki bundnir af öðru en sannfæringu sinni, lögum og samþykktum um stjórn og fundarsköp Snæfellsbæjar í atkvæðagreiðslu um málefni í nefndinni.

Fundarmenn eru bundnir þagnarskyldu vegna mála sem þeir fá vitneskju um í starfi sínu fyrir velferðarnefnd og ætla má að leynt eigi að fara skv. eðli málsins, lögum eða samþykkt 2/3 hluta nefndarmanna hvort sem þau varða einka- eða almannahagsmuni.

Nefndarmaður skal víkja af fundi við umræður og afgreiðslu mála sem varða hann sjálfan, skyldmenni hans eða nánustu venslamenn svo mjög að ætla má að það móti viljaafstöðu hans að einhverju leyti. Honum er þó heimilt að gera stuttlega grein fyrir afstöðu sinni áður en hann víkur af fundi.

VIII. Lög og reglugerðir

Í störfum sínum skal öldungaráð taka mið af þeim lögum og reglugerðum sem undir starfssvið hennar heyrir, og þá sér í lagi

Þá skal nefndin fylgja samþykkt um stjórn og fundarsköp Snæfellsbæjar eins og þau eru hverju sinni. Það á einnig við um samninga eða samstarf á þessum vettvangi við önnur sveitarfélög.

IX. Gildistaka

Erindisbréf þetta byggist á ákvæðum sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011 um verkefni sveitarfélaga og starfsemi nefnda á þeirra vegum og bæjarmálasamþykkt Snæfellsbæjar.

Erindisbréf þetta var staðfest á fundi bæjarráðs 12. júlí 2018 og tekur gildi sama dag.

Snæfellsbær 6. september 2018

Kristinn Jónasson, bærarstjóri



MENNTA- OG
MENNINGARMÁLARÁÐUNEYTIÐ

Sölvhólgötu 4 · 101 Reykjavík
sími: 545 9500 · bréfasími: 562 3068
postur@mrn.is · menntamálaráðuneyti.is

Reykjavík 22. ágúst 2018
Tilv.: MMR18010340/2.3.11


Ágæti viðtakandi

Starfshópur mennta- og menningarmálaráðherra, sem skipaður var í kjölfar #églika (#metoo) yfirlýsinga íþróttakvenna, hefur skilað ráðherra tillögum um aðgerðir gegn kynferðislegri áreitni og ofbeldishegðun í íþrótt- og æskulýðsstarfi. Öryggi iðkenda og annarra þátttakenda var sett í öndvegi við alla vinnu hópsins. Starfshópurinn taldi mikilvægt að tillögur hans næðu einnig til æskulýðsstarfs utan skóla, m.a. að teknu tilliti til ábyrgðarsviðs ráðuneytisins og samlegðaráhrifa þessarar starfsemi. Að mati starfshópsins er brýnt að það verði vitundarvakning um málefni sem tengjast kynferðislegri áreitni og ofbeldishegðun og þannig verði knúin fram viðhorfsbreyting um að ofbeldishegðun sé ekki liðin og allir njóti verndar í skipulögðu íþrótt- og æskulýðsstarfi. Að mati starfshópsins er mikilvægt að íþróttahreyfingin, æskulýðsfélögin, sveitarfélög og stjórnvöld verði samtaka þegar kemur að því að taka á því málefni sem um ræðir. Meðal tillagna hópsins eru:

- Að skýrir og samhæfðir verkferlar og viðbragðsáætlanir séu til staðar hjá félögum og samtökum í íþrótt- og æskulýðsstarfi.
- Að fræðsluefni um kynferðislegt ofbeldi og óæskilega hegðun sé samræmt og að allir sem bera ábyrgð á íþrótt- og æskulýðsstarfi hafi grunnþekkingu á því hvernig bregðast eigi við þegar upp koma mál sem tengjast áreitni eða ofbeldi.
- Að unnið sé markvisst í jafnréttismálum á vegum íþróttahreyfingarinnar. Aukið jafnrétti getur haft jákvæð áhrif á ýmsa þætti í íþróttastarfi og þar með dregið úr áreitni og ofbeldishegðun.
- Hópurinn telur mikilvægt að til staðar sé óháður aðili sem getur tekið við símtölum, tilkynningum eða öðrum samskiptum um ofbeldi og aðra óæskilega hegðun og komið þeim í réttan farveg. Slíkur ráðgjafi gæti einnig leiðbeint við gerð siðareglna og viðbragðsáætlana og sinnt upplýsingagjöf og fræðslu um málaflokkinn.
- Mikilvægt er að íþróttahreyfingin setji sér siðareglur og hegðunarviðmið, kanni bakgrunn þeirra sem koma að íþróttastarfi og kynni fyrir þeim þær reglur sem gilda í starfinu. Sé vafi til staðar vegna einstaklings sem fyrirhugað er að ráða eða fá til starfa sem sjálfbóðaliða er mikilvægt að horfa fyrst og fremst til hagsmuna iðkenda.
- Að ríki og sveitarfélög sem styðja íþrótt- og æskulýðsstarf með aðstöðu og fjárframlögum setji skilyrði í alla samninga við íþrótt- og æskulýðshreyfinguna um að félögin séu með viðbragðsáætlun á þessu sviði og stuðli þannig að aukinni þekkingu, meðvitund og réttum viðbrögðum þegar áreitni eða ofbeldismál koma upp.
- Að setja ákvæði í íþróttalög að óheimilt sé að ráða fólk sem dæmt hefur verið fyrir

ofbeldisbrot, kynferðisbrot. Mikilvægt er að einfalda verkferla fyrir íþrótt- og æskulýðshreyfinguna til þess að afla slíkra upplýsinga frá opinberum aðilum.

Tillögur þessar snerta ýmsa aðila er koma að íþrótt- og æskulýðsstarfi, s.s. íþróttahreyfinguna, æskulýðsfélög, sveitarfélög og stjórnvöld. Að mati starfshópsins er mikilvægt að þessir aðilar séu samtaka þegar kemur að því að taka á því málefni sem um ræðir. Af því tilefni óskar ráðuneytið eftir samstarfi við hlutaðeigandi aðila við að koma tillögum hópsins til framkvæmdar.



Lilja D. Alfreðsdóttir

Ásta Magnúsdóttir

Fylgiskj.: 1. Tillögur starfshóps um aðgerðir gegn kynferðislegri áreitni og ofbeldishegðun í íþrótt- og æskulýðsstarfi.

Aðgerðir gegn kynferðislegri
áreitni og ofbeldishegðun í íþróttá-
og æskulýðsstarfi

Mennta- og menningarmálaráðuneytið
2018

**Mennta- og menningarmálaráðuneytið: Aðgerðir gegn
kynferðislegri áreitni og ofbeldishegðun í íþróttá- og
æskulýðsstarfi**

Júní 2018

Útgefandi:

Mennta- og menningarmálaráðuneytið

Sölvhólsgötu 4

150 Reykjavík

Sími: 545 9500

Bréfasími: 562 3068

Netfang: postur@mrn.is

Veffang: www.stjornarradid.is/raduneyti/mennta-og-menningarmalaraduneytid

Umbrot og

textavinnsla:

Mennta- og menningarmálaráðuneytið

© 2018 Mennta- og menningarmálaráðuneytið

Efnisyfirlit

1 Inngangur	4
2 Efnisflokkar.....	5
2.1 Almenn áhersluatriði í íþróttastarfi.....	5
2.2 Fræðsla og fræðsluefni	6
2.3 Verkferlar	7
2.4 Samningar.....	8
2.5 Lagabreytingar.....	8
3 Tillögur.....	8
3.1 Almennar tillögur	8
3.2 Tillögur sem lúta að íþróttahreyfingunni.....	8
3.3 Tillögur sem lúta að ráðuneytinu.....	9
3.4 Tillögur sem lúta að sveitarfélögum	10

1 Inngangur

Í kjölfar #metoo (#ég líka) yfirlýsinga íþróttakvanna í byrjun janúar 2018 skipaði mennta- og menningarmálaráðherra starfshóp þann 19. mars 2018 til þess að gera tillögur um viðbrögð og frekari aðgerðir. Starfshópnum var ætlað að skoða verkferla sem eru við lýði í íþróttastarfi og gera tillögur til úrbóta þar sem þess er þörf. Í umræðum starfshópsins kom fram að mikilvægt væri að víkka tillögugerðina út þannig að helstu tillögur starfshópsins ættu einnig við um æskulýðsstarf utan skóla, sérstaklega þegar horft er til ábyrgðarsviðs ráðuneytisins og samlegðaráhrifa þessarar starfsemi. Starfshópurinn telur einnig að í sumum tilfellum mætti skoða betur hvernig vinnubrögð geti átt við bæði í starfi utan skóla og í skólustarfi, en ekki eru gerðar sérstakar tillögur um það af hálfu starfshópsins nema að því leyti að gera tillögu um aðgengi íþrótt- og æskulýðsfélaga að fagraði eineltismála hjá Menntamálastofnun. Einnig er ljóst að samræma þarf lagasetningu vegna ráðninga fyrir öll málefnasvið mennta- og menningarmálaráðuneytisins. Hópurinn styður einnig tillögur um aðgerðir sem unnar hafa verið í tengslum við samstarfsyfirlýsingu nokkurra ráðuneyta um aðgerðir gegn ofbeldi og afleiðingum þess, sjá.

<https://www.stjornarradid.is/media/velferdarraduneyti-media/media/frettir2016/Samstarfsyfirlysing-gegn-ofbeldi.pdf>

Í starfshópnum voru:

Óskar Þór Ármannsson formaður, mennta- og menningarmálaráðuneyti,
Elísabet Pétursdóttir, Guðni Olgeirsson, Jóna Pálsdóttir og Valgerður
Þórunn Bjarnadóttir frá mennta- og menningarmálaráðuneyti,
Ása Ólafsdóttir, tilnefnd af ÍSÍ,
Auður Inga Þorsteinsdóttir, tilnefnd af UMFÍ,
Hafðís Inga Hinriksdóttir, tilnefnd af hópi íþróttakvanna,
Heiðrún Janusardóttir, tilnefnd af Sambandi íslenskra sveitarfélaga.

Frásagnir íþróttakvanna báru með sér margs konar tilvik, allt frá atvikum sem lúta að mismunun kynja til alvarlegs ofbeldis sem einstaklingar hafa verið beittir. Ljóst var af öllum þessum frásögnum að skoða þyrfti mjög breitt svið til að ná utan um málið. Starfshópurinn fór yfir lagaramma sem snýr að grunnskólum og ákvæðum sem lúta að áreitni og ofbeldi í lögunum. Einnig var farið yfir ákvæði æskulýðslaga og hvernig ákvæði um starfsskilyrði og um öflun upplýsinga úr sakaskrá eru útfærð. Lög og reglugerðir íþróttahreyfingarinnar voru skoðuð og einnig var farið yfir fræðsluefni sem notað er í íþrótt- og æskulýðsstarfi. Starfsaðferðir nokkurra sveitarfélaga á þessu sviði voru kynntar og hvernig sveitarfélög hafa brugðist við á undanförunum mánuðum hjá þeim íþróttafélögum sem eru í viðkomandi sveitarfélögum. Farið var yfir Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna með Umboðsmanni barna og rætt sérstaklega hvernig þessi mál snúa að börnum undir 18 ára aldri sem taka þátt í íþrótt- og æskulýðsstarfi.

Óskað var eftir ábendingum og tillögum frá almenningi á samráðsgátt stjórnarráðsins. Ýmsar tillögur bárust sem starfshópurinn skoðaði og tók mið af við

tillögugerðina. Í vinnu starfshópsins kom í ljós að til þess að ná þeim markmiðum sem lagt var upp með þyrftu tillögur hans að vera víðtækari og ná yfir fleiri þætti en fram komu í skipunarbréfi eins og rakið var í inngangi. Þannig er t.d. í tillögum starfshópsins fjallað um eineltismál og jafnréttismál. Með þessum tillögum setur starfshópurinn öryggi iðkenda og annarra þátttakenda í starfinu í öndvegi.

Starfshópurinn var upplýstur um starf stýrihóps forsætisráðherra um heildstæðar úrbætur er varða kynferðislegt ofbeldi. Á verksviði hans verður að kanna leiðir til að bæta stöðu brotþola við rannsókn og opinbera meðferð ofbeldisbrota. Starfshópurinn gerir því ekki tillögur þar að lútandi, en styður heilshugar allar tillögur til umbóta á þeim vettvangi.

Starfshópurinn telur að samræma þurfi starf mismunandi aðila í íþróttastarfi betur þannig að fræðsla með áherslu á forvarnir sé markvissari og nýtist á vettvangi og sé við hæfi þeirra sem hún beinist að og nýtist þeim, óháð aldri eða þroska. Einnig telur starfshópurinn að verkferlar sem notaðir eru til þess að bregðast við málum verði samræmdir betur og nýir gerðir þar sem þarf. Mikilvægt er að mati starfshópsins að styrkja öryggi allra iðkenda sem og þeirra sem starfa að íþróttum og æskulýðsmálum í landinu með lagasetningu, bæði fyrir launaða starfsmenn og sjálfboðaliða. Slíkt mun að mati starfshópsins setja málefni sem tengjast kynferðislegri áreitni og ofbeldishegðun með skýrum og samræmdum hætti á dagskrá og jafnframt knýja á um breytingar í samfélaginu um að ofbeldishegðun líðist ekki og allir njóti verndar í skipulögðu starfi íþrótt- og æskulýðshreyfingarinnar.

Starfshópurinn hefur gert tillögur um aðgerðir sem eiga að beinast að íþróttahreyfingunni sjálfri, æskulýðsfélögum og þeim sem standa fyrir skipulögðu íþróttastarfi fyrir börn en einnig aðgerðir sem beinast að stjórnvöldum og sveitarfélögum. Þá eru einnig settar fram nokkrar almennar tillögur um samstarf allra framangreindra aðila. Að mati starfshópsins er mikilvægt að þessir aðilar myndi ákveðna samfellu þegar kemur að því að taka á öllum birtingarmyndum áreitni, ofbeldis, eineltis eða öðrum misgjörðum í skipulögðu starfi þannig að þeir sem eru þátttakendur í íþrótt- og æskulýðsstarfi geti gengið út frá því að starfsumhverfi sé öruggt og að mál sem upp koma séu sett í ákveðinn farveg og fái viðeigandi afgreiðslu.

2 Efnisflokkar

Tillögur eru um eftirfarandi efnisflokka:

2.1 Almenn áhersluatriði í íþróttastarfi

Starfsemi íþróttafélaga er mjög umfangsmikil á landsvísu og stærð og umfang einstakra félaga spannar allt frá nokkrum tugum iðkenda með engu barna- og unglíngastarfi til nokkurra þúsunda í hverju félagi með iðkendum á öllum aldri. Því

geta aðstæður félaga og möguleikar þeirra verið mismunandi. Það á einnig við um íþróttahéruð og sérsambönd. Verkferlar og virkar viðbragðsáætlanir kunna að vera til staðar hjá sumum en dæmi eru um að ekkert efni sé til hjá öðrum. Einnig er mikilvægt að nefna að oft eru til reglur en úrvinnslu mála er ábótavant eða óskýr. Allir eru þó sammála um að ofbeldi af öllu tagi eigi ekki að líða. Liður í tillögum starfshópsins er að bregðast við þessum veruleika.

Vegna margvíslegra athugasemda íþróttakvenna um mismunun af einhverju tagi en ekki beint tengt ofbeldishegðun, telur starfshópurinn mikilvægt að setja fram tillögur um jafnréttismál. Jafnréttismál hafa á undanförunum árum verið í umræðunni í íþróttahreyfingunni og hefur hún snúist mikið um aðstöðumun á milli kynja í skipulögðu íþróttastarfi. Bent hefur verið á mismunun hvað varðar þá tíma sem kynin fá í íþróttamannvirkjum. Meistaraflokkar kvenna í mörgum greinum fá ekki sérstakan klefa í mannvirkjum, verðlaunagripir eru ekki sambærilegir, búningamál eru mismunandi og greiðslur til leikmanna eru lægri til kvenna og greiðslur til karlþjálfara eða þjálfara karlaflokka eru í mörgum tilfellum hærrí. Einnig hefur íþróttaumfjöllun fjölmiðla oft verið skoðuð og hallar þar verulega á konur. Þá hefur verið bent á að það halli á konur í stjórnnum íþróttahreyfingarinnar. Starfshópurinn telur mikilvægt að bregðast við þessum athugasemdum og vinna markvisst í jafnréttismálum á vegum íþróttahreyfingarinnar. Ein leið til þess er að auka þekkingu á þessu sviði, m.a. með frekari rannsóknum. Viðhorf hafa breyst á undanförunum árum til hins betra en eigi að síður telur starfshópurinn mjög mikilvægt að jafnréttismálin komist með heildstæðari hætti á dagskrá íþróttahreyfingarinnar. Einnig hefur aukið jafnrétti jákvæð áhrif á ýmsa þætti í íþróttastarfi, eins og samskipti kynja, og dregur þannig að öllum líkindum smám saman úr áreitni og ofbeldishegðun.

Starfshópurinn telur mikilvægt að gera almenna tillögu um hvernig málum, sem tengjast eineltismálum, er fylgt eftir sbr. tillaga um sérlög um samskiptafulltrúa fyrir íþrótt- og æskulýðsstarf, auk viðbragða við ofbeldishegðun eða annars konar áreitni.

2.2 Fræðsla og fræðsluefni

Að mati starfshópsins liggur fyrir talsvert af mjög góðu fræðsluefni hjá íþróttahreyfingunni um kynferðislegt ofbeldi og óæskilega hegðun í starfi hreyfingarinnar. Starfshópurinn gerir tillögu um að ÍSÍ og UMFÍ samræmi hvaða efni sé notað og standi saman að samræmdum skilaboðum til aðildarfélaga. Einnig þurfa sveitarfélög að taka mið af því í samskiptum sínum við íþróttafélög, sérstaklega ef fræðslan er á vegum viðkomandi sveitarfélags. Einnig er lagt til í tillögu um sérlög um samskiptafulltrúa að hann hafi það hlutverk að koma á framfæri upplýsingum til þátttakenda í íþrótt- og æskulýðsstarfi.

Fram kom í vinnu starfshópsins að unnið sé að gerð frekara fræðsluefnis á vegum ÍSÍ og UMFÍ. Starfshópurinn telur að brýnt sé að halda áfram gerð kynningarefnis

í formi myndbanda eða stuttmynda fyrir iðkendur, þjálfara og aðra sem starfa í íþróttum bæði sem launaðir starfsmenn og sjálfboðaliðar. Tryggja þarf jafnframt að allir sem bera ábyrgð á íþróttá- og æskulýðsstarfi hafi grunnþekkingu á því hvernig bregðast eigi við þegar upp koma mál sem tengjast áreitni eða ofbeldi. Einnig þarf efnið að vera sniðið að þörfum og þekkingu mismunandi aldurshópa. Starfshópurinn telur mikilvægt að efnið sé sniðið að stafrænu samfélagi og fræðslu sé komið á framfæri með reglubundnum hætti, sérstaklega á þeim miðlum sem ungt fólk nýtir í daglegu lífi.

2.3 Verkferlar

Að framan hefur verið rakið að brýnt sé að koma á samhæfðum viðbrögðum í íþróttá- og æskulýðsstarfi. Möguleikar félaga eru mismunandi vegna stærðar þeirra og tengsla á smærri stöðum. Því er gerð sérstök tillaga um sérlög um starf samskiptaráðgjafa fyrir íþróttá- og æskulýðsstarf sem getur aðstoðað félög til þess að koma sér upp virkum verkferlum og samræmdu vinnulagi. Auk þess ætti slíkur samskiptaráðgjafi íþróttá- og æskulýðsstarfs að geta m.a. leiðbeint þeim sem verða fyrir brotum og telja að ekki sé brugðist við með réttum hætti. Þá er mikilvægt að íþróttahreyfingin setji sér siðareglur og hegðunarviðmið þar sem slík viðmið eru ekki til staðar. Einnig er mikilvægt að íþróttahreyfingin sé samtaka um að kanna bakgrunn þeirra sem koma að íþróttastarfi og kynni fyrir þeim siðareglur og önnur hegðunarviðmið sem gilda í starfinu. Sé vafi til staðar vegna einstaklings sem fyrirhugað er að ráða eða fá til starfa sem sjálfboðaliða er mikilvægt að horfa fyrst og fremst til hagsmuna iðkenda.

Meðal tillagna hópsins er að setja ákvæði í íþróttalög nr. 64/1998 um að óheimilt verði að ráða til starfa þá sem hlotið hafa refsíðma fyrir brot sem falla undir kynferðisbrotakafli hegningarlaga. Mikilvægt er að einfalda verkferla fyrir íþróttá- og æskulýðshreyfinguna til þess að afla slíkra upplýsinga frá opinberum aðilum. Hafa skal hugfast að tillagan felur í sér lágmarkskröfur og ekkert sem kemur í veg fyrir að einstök félög fari strangar í sakirnar en ákvæðið kveður á um og ákveði t.d. að ráða ekki starfsmann eða þiggja vinnu sjálfboðaliða í ljósi þess að hann nýtur ekki trausts, t.d. vegna frásagna um að viðkomandi hafi gerst uppvís að óæskilegri hegðun. Benda má á að einnig sé þörf á að einfalda verkferla í öllu skólustarfi og starfi sem tengist starfsemi skóla, s.s. frístundaheimila. Starfshópurinn kynnti sér hvernig öflun þessara upplýsinga fer fram með rafrænum hætti í Noregi og Danmörku. Starfshópurinn leggur áherslu á að litið verði til þeirrar vinnu í framkvæmd hér á landi í vinnu stýrihóps forsætisráðherra um heildstæðar úrbætur að því er varðar kynferðislegt ofbeldi.

2.4 Samningar

Starfshópurinn telur mikilvægt að ríki og sveitarfélög sem styðja íþrótta- og æskulýðsstarf með aðstöðu og fjárframlögum setji skilyrði í alla samninga við íþrótta- og æskulýðshreyfinguna um að unnið sé að gerð viðbragðsáætlana og þannig reynt að tryggja að íþróttahreyfingin hafi grunnþekkingu á því hvernig beri að haga sér þegar áreitni eða ofbeldismál koma upp. Í samningum slíkra félaga við íþróttafólk, þjálfara og annað starfsfólk séu ákvæði sem vísa til ábyrgðar íþróttafélagsins á öruggu umhverfi.

2.5 Lagabreytingar

Starfshópurinn telur mikilvægt að til staðar sé óháður aðili sem geti tekið við símtölum, tilkynningum eða öðrum samskiptum um ofbeldi og aðra óæskilega hegðun og komið þeim í réttan farveg. Einnig gæti slíkur aðili leiðbeint við gerð siðareglna og viðbragðsáætlana og sinnt upplýsingagjöf um málaflokkinn. Starfshópurinn leggur fram í fylgiskjali tillögu að sérstöku lagafrumvarpi um *samskiptaráðgjafa fyrir íþrótta- og æskulýðsstarf* þar sem fram koma hugmyndir starfshópsins um hvernig starfi og starfsumhverfi hans verði háttað.

Einnig leggur starfshópurinn til sérstaka lagabreytingu á íþróttalögum vegna ráðninga starfsfólks eða sjálfboðaliða innan íþróttahreyfingarinnar en samsvarandi ákvæði er til staðar í æskulýðslögum, leik-, grunn- og framhaldsskólalögum og barnaverndarlögum. Sambærilegt ákvæði er einnig að finna í lögum ÍSÍ. Að öðru leyti er vísað til meðfylgjandi fylgiskjals.

3 Tillögur

3.1 Almennar tillögur

1. Að unnið sé markvisst að jafnréttismálum. Aukið jafnrétti hefur áhrif á ríkjandi viðhorf í samfélaginu og skapar meira jafnvægi á milli kynja og á milli einstaklinga almennt.
2. Að fylgst sé vel með rannsóknum og þróun í málaflokknum, bæði hér á landi og erlendis.
3. Að styðja sérstaklega við þekkingarsköpun á þessu sviði.

3.2 Tillögur sem lúta að íþróttahreyfingunni

1. ÍSÍ og UMFÍ samræmi fræðsluefni sem lýtur að kynferðislegu áreiti og ofbeldishegðun og öðrum misgjörðum, svo forðast megi mismunandi skilaboð til sambandsaðila.
2. ÍSÍ og UMFÍ tryggi að til staðar séu siðareglur og viðbragðsáætlanir. Jafnframt verði unnið að samræmingu verkferla við úrvinnslu mála sem upp koma í starfi íþróttahreyfingarinnar. Tillaga er jafnframt um að

samskiptaráðgjafi íprótta- og æskulýðsstarfs aðstoði hreyfinguna og einstök félög við þá vinnu.

3. Að standa fyrir vitundarvakningu á samfélagsmiðlum um kynferðislega áreitni og ofbeldi, til þess að skapa umræðu og upplýsa um boðleiðir þegar atvik koma upp. Slíkt væri háð viðbótarfjárframlagi.
4. Unnið verði að gerð rafræns námsefnis, svo þeir sem komi að starfi innan hreyfingarinnar hafi kynnt sér hegðunar- og siðferðisviðmið áður en viðkomandi hefur aðkomu að starfsemi félags.
5. Í samningum ípróttafélaga við ípróttafólk og þjálfara og annað starfsfólk séu ákvæði sem vísi til ábyrgðar ípróttafélagsins á öruggu umhverfi.
6. Ípróttahreyfingin er hvött til þess að kanna meðmæli og óska eftir umsögn frá fyrri vinnuveitendum við ráðningar á nýju starfsfólki.

3.3 Tillögur sem lúta að ráðuneytinu

1. Sett verði sérlög um tímabundinn samskiptaráðgjafa fyrir íprótta- og æskulýðsstarf. Drög að frumvarpi má sjá í fylgiskjali, liður 1. Mikilvægt er að samskiptaráðgjafinn sé staðsettur þar sem unnið er að sambærilegum málum.
2. Gerð verði lagabreyting á ípróttalögum um ráðningar starfsfólks og sjálfboðaliða þar sem krafist er upplýsinga úr sakaskrá, sbr. tillaga 4 (ráðningar, aðgerðaráætlanir, einelti). Einnig verði bætt við ákvæði í ípróttalög um einelti til samræmis við lög um grunn- og framhaldsskóla. Tillagan um einelti er mikilvæg og fer útfærsla slíkrar breytingar eftir því hvort aðgengi íprótta- og æskulýðshreyfingarinnar verði tryggt að fagræði eineltismála eða fundin verði sambærileg lausn fyrir þá starfsemi.
3. Tryggja aðgengi að sakaskrá með rafrænum hætti í samræmi við tillögu ráðuneytisins um það mál en tilgangur þess er að auðvelda félagasamtökum og skólum að sækja upplýsingar úr sakaskrá um einstaklinga sem starfa með eða fyrir börn í skipulögðu íprótta- og æskulýðsstarfi, hvort sem það er í launuðu starfi eða sem sjálfboðaliði. Þetta verði gert í samræmi við starfsskilyrði sem kveðið er á um í lögum og reglugerðum sem gilda um leik-, grunn- og framhaldsskóla og um æskulýðsstarf nr. 70/2007. Starfshópurinn telur þetta mjög brýnt mál í þeirri viðleitni að skapa öruggt starfsumhverfi í íprótta- og æskulýðsstarfi og skólastarfi.
4. Setja ákvæði í samninga við íprótta- og æskulýðshreyfinguna að unnið skuli að jafnréttismálum almennt sem og að til séu aðgerðaráætlanir þegar upp koma mál sem snúa að ofbeldismálum almennt, kynferðislegri áreitni og kynferðisofbeldi. Lagabreyting, sbr. tillögu 3, styður við slíkar áherslur og framkvæmdina sbr. tillögu 4.

5. Að tryggja að íþróttá- og æskulýðshreyfingin hafi aðgang að fagraði eineltismála grunn- og framhaldsskóla sem staðsett er í Menntamálastofnun, eða að sambærileg lausn verði fundin hið fyrsta.

3.4 Tillögur sem lúta að sveitarfélögum

1. Sveitarfélög áskilji sér rétt til þess að skilyrða fjárveitingar til íþróttá- og æskulýðsfélaga við að félögin setji sér siðareglur og viðbragðsáætlanir.
2. Sveitarfélög stuðli að fræðslu þjálfara, starfsfólks og annarra sem koma að daglegu starfi félaganna um ofbeldi, kynferðislega áreitni, kynferðisofbeldi og hvernig bregðast eigi við því.
3. Með vísan til jafnréttissjónarmiða verði hnykkt á því að stjórnendur í íþróttá- og æskulýðsstarfi beri sérstaka ábyrgð á því að allt starf sé skipulagt með jafnrétti að leiðarljósi og þegar samningar verða endurnýjaðir verði sett inn ákvæði sem setja skyldur á félögin að hafa skýra og virka jafnréttis- og aðgerðaráætlun.
4. Sveitarfélög bjóði íþróttá- og æskulýðsfélögum aðstoð í formi fagþekkingar, bæði við gerð viðbragðsáætlunar og eftirfylgni og eins aðstoð við úrvinnslu mála, t.d. með því að bjóða fram fagfólk frá félagsþjónustu eða öðru stuðningskerfi.

Kristinn Jónasson

From: Jakob Björnsson <jbj@os.is>
Sent: mánudagur, 3. september 2018 14:27
To: Kristinn Jónasson
Subject: OS2018040030 Samningur til undirritunar
Attachments: OS2018040030 Snæfellsbær.pdf


Sæll Kristinn

Ferðamála-, iðnaðar- og nýsköpunarráðherra hefur með bréfi dags. 30.08.18 sl. staðfest tillögu ráðgjafarnefndar Orkusjóðs um styrk að upphæð kr. 3.725.000 til verkefnisins „Tilraunaverkefni með borun í hraun á Hellissandi.“
Meðfylgjandi er samningur um styrkinn til undirritunar. Skila má undirritun í tölvupósti.


Bestu kveðjur

Orkusjóður
Rangárvöllum við Hlíðarfjallsveg
603 Akureyri

Jakob Björnsson, framkvæmdastjóri
Símar: 569 6083 - 894 4280



ORKUSTOFNUN



Samningur um styrkveitingu – sérstakir styrkir 2018
b) liður 7. gr. reglugerðar um Orkusjóð

nr. 052018040030

Styrkupp hæð kr. 3.725.000

Styrkveitandi

Orkusjóður

Borgum við Norðurslóð

600 Akureyri

Styrkþegi

Snæfellsbær

Klettstöð 4

360 Snæfellsbær

510694-2449

Heiti verkefnis:

Varmadæla við ráðhúsið á Hellissandi
Varmadæluvæðing þorpsins – tilraun

Kennitala
500269-5029

Upphaf verkefnis:

2017

Forsvarsaðili:

Kristinn Jónasson

Simanúmer: 433-6900

Netfang: kristinn@snb.is

Lok verkefnis:

Seinni hluti árs 2018

Inngangur

Á grundvelli reglugerðar nr. 185/2016, verklagsreglna um styrkveitingar Orkusjóðs, dags. 29.06.2016 og að fenginni tillögu Ráðgjafarnefndar Orkusjóðs hefur iðnaðarráðherra með bréfi dags. 30.08.2018 staðfest ofangreinda styrkveitingu.

Orkusjóður og Snæfellsbær, gera því með sér eftirfarandi samning um framkvæmd verkefnisins, útgreiðslu styrkuppðæðarinnar, upplýsingagjöf, skýrslugerð, varðveislu skýrslna og niðurstæðna.

1. gr. framkvæmd

Framkvæmd verkefnisins skal vera í samræmi við þau markmið, áætlanir, upplýsingar og greinargerðir, sem tilgreindar voru í styrkumsókninni, dags. 17.04.2018 og fylgiskjólum hennar. Hugsanleg frávik skal styrkþegi tilkynna Orkusjóði og leita samþykkis fyrirfram.

2. gr. fjármögnun

Með undirskrift samnings þessa, staðfestir styrkþegi, að heildarfjármögnun verkefnisins hafi gengið eftir eins og ráð var fyrir gert í umsókn. Frávik sem geta haft áhrif á framkvæmd verkefnisins, umfang og áætlaða verkþætti, þarf að tilkynna Orkusjóði sérstaklega og þurfa þau að hljóta samþykki sjóðsins áður en vinna við verkefnið hefst.

3. gr. greiðsla styrksins

Styrkuppðæðin greiðist í þremur jöfnum hlutum. Fyrsti hluti greiðist þegar styrkþegi hefur staðfest skriflega að vinna við verkefnið sé hafin. Annar hluti greiðist þegar styrkþegi metur verkið hálfnað og hefur skilað áfangaskýrslu því til staðfestingar. Orkusjóður getur leitað umsagnar t.d. Orkustofnunar um áfangaskýrsluna áður en greiðsla er innt af hendi. Þriðji hluti greiðist þegar styrkþegi hefur skilað lokaskýrslu um verkefnið og Orkustofnun hefur yfirfarið hana.

4. gr. aðgengi að niðurstæðum verkefna

Allar niðurstæður og lokaskýrsla verkefnisins skulu vera opnar og öllum aðgengilegar m.a. með birtingu á vefsíðum Orkustofnunar. Þá varðveitast gögnin á skjalasafni Orkustofnunar og Landsbókasafni.

5. gr. eftirfylgni með verkefnum

Orkustofnun fer með eftirlit með þeim verkefnum sem Orkusjóður veitir fjármunum til. Auk skýrslna sbr. 3. gr. samnings þessa ber styrkþegum að láta stofnuninni í té frekari upplýsingar um stæðu og framvindu verkefna sé þess óskað. Einnig mega styrkþegar gera ráð fyrir því að mæta á fund Orkuráðs til upplýsingagjafar um framvindu og árangur verkefna.

6. gr. skil á undirrituðum samningi –niðurfelling styrks

Hafi undirritaður samningur ekki borist Orkusjóði tveim mánuðum eftir dagsetningu tilkynningar sjóðsins um styrkveitinguna er litið svo á að ekki verði af framkvæmd verkefnisins og fellur þá styrkveitingin niður án frekari tilkynningar af hálfu Orkusjóðs.

7. gr. frávik frá áætlunum – stöðvun greiðslna

Víki styrkþegi frá þeim forsendum sem fram voru settar í styrkumsókn og fylgigögnum hennar án fengins skriflegs samþykkis Orkusjóðs getur Orkuráð ákveðið að stöðva frekari greiðslur styrksins. Þetta á við um allar áætlanir um verkefnið og framkvæmd þess, tímasetningar, fjármögnun og annað er máli skiptir og haft getur áhrif á áætlun markmið verkefnisins og niðurstöður. Ósamþykkt frávik af hálfu styrkþega geta þannig leitt til þess að styrkveiting falli niður og að krafa verði gerð um endurgreiðslu.

8. gr. ágallar lokaskýrslu - niðurfelling styrks endurgreiðsla styrkþega

Samkvæmt ákvæðum í verklagsreglum um lán- og styrkveitingar Orkusjóðs skal lokaskýrsla vegna styrkra verkefna yfirfarin af Orkustofnun. Ef í ljós kemur af lokaskýrslu, að ekki hefur verið unnið eftir framlögðum áætlunum og/eða samþykktum breytingum á þeim við vinnslu verkefnisins og Orkustofnun telur það hafa rýrt gildi niðurstaðna þess þá getur það leitt til niðurfellingar styrksins að hluta til eða öllu leyti og endurgreiðslukröfu á hendur styrkþega.



9. gr. gildistími

Samningur þessi er gerður í tveimur samhljóða eintökum og heldur hvor samningsaðili sínu eintaki. Samningurinn gildir frá undirritunardegi og fellur hann sjálfkrafa úr gildi þegar lokaskýrslu hefur verið skilað, hún samþykkt og lokagreiðsla styrkuppþæðarinnar innt af hendi.

Staður og dagsetning _____

Styrkþegi: Snæfellsbær

F.h. Orkusjóðs

 pr. pr. Orkusjóður




SSV
Samtök sveitarfélaga
á Vesturlandi

Borgarnesi 28.08 2018

Til sveitarfélaga á Vesturlandi

Efni: Haustþing SSV 2018

Haustþing SSV 2018 verður haldið á Hótel Bifröst dagana 20 og 21 september 2018. Dagskrá hefst kl.13.00 fimmtudaginn 20 september og er áætlað að þingið standi yfir til kl.12.30 föstudaginn 21 september. Þema þings verður velferðarmál. Meðfylgjandi er dagskrá þingsins.

Seturétt á haustþingi SSV eiga fulltrúar sveitarfélaganna á Vesturlandi sem kosnir eru fulltrúar á aðalfund SSV. Nánar er kveðið á um kjör fulltrúa á aðalfund í 5. gr. laga SSV.

Á síðasta haustþingi var samþykkt lagabreyting sem felur í sér að sveitarfélögin á Vesturlandi skuli tilnefna fulltrúa sína í stjórn SSV. Eftir lagabreytinguna hljómar 6.gr. laga SSV svo:
„ Stjórn SSV skal skipuð 12 mönnum. Sveitarfélag með 3.000 íbúa eða fleiri skal eiga tvo stjórnarmenn en sveitarfélag með færri en 3.000 íbúa skal eiga einn stjórnarmann. Að fengnum tilnefningum sveitarfélaganna skal aðalfundur kjósa stjórn til tveggja ára í senn. Kjósa skal sérstakan varamann fyrir hvern aðalmann í stjórn. Formaður er kosinn sérstaklega á aðalfundi. Komi upp sú staða að stjórnarmaður eða varamaður í stjórn missi umboð sitt eða láti af stjórnarsetu á kjörtímabilinu af öðrum ástæðum skal kjósa nýjan fulltrúa í hans stað. Kosning nýrra fulltrúa getur farið fram á aðalfundi eða á haustþingi að fenginni tilnefningu viðkomandi sveitarfélags. Stjórnin kys varaformann og ritara úr sínum hópi og skiptir að öðru leyti með sér verkum. Falli atkvæði jafnt á stjórnarfundum ræður atkvæði formanns útslitum. Sá sem kjörinn hefur verið aðalmaður í stjórn þrjú kjörtímabil í röð, þ.e. sex ár, er ekki kjörgengur til stjórnar næstu tvö ár. Formaður sem hefur verið kjörinn tvö kjörtímabil í röð, þ.e. fjögur ár, er ekki kjörgengur til formennsku næstu tvö árin..“

Með hliðsjón af ofangreindu er óskað eftir að sveitarfélögin sendi tilnefningar sínar á aðal- og varamönnum í stjórn SSV á netfangið ssv@ssv.is eigi síðar en 14. september n.k.

Á þinginu verða lagðar fram fjárhags- og starfsáætlanir SSV fyrir árið 2019. Þessar áætlanir verða sendar út til sveitarfélaganna fyrir þingið.

Virðingarfyllt

Páll S. Brynjarsson
Framkvæmdastjóri SSV



SSV
Samtök sveitarfélaga
á Vesturlandi

Drög
Haustþing SSV 2018
Hótel Bifröst 20 og 21 september

Þema þingsins: Velferðarmál

Fimmtudagur 20 september

- Kl.10.00 Fundur stjórnar SSV
Kl.12.00 Hádegisverður
Kl.13.00 Þingsetning, formaður SSV
Kynning á starfsemi SSV
Kynning á Áfangastaðaáætlun Vesturlands
Kl.14.00 Fjárhagsáætlun og starfsáætlun SSV fyrir árið 2019 lagðar fram og kynntar
Kl.14.30 Vinnuhópar um ályktanir Haustþings taka til starfa
Fjármál SSV
Samgöngumál
Opinber þjónusta
Atvinnu- og umhverfismál
Kl.15.30 Kaffi
Kl.16.00 Ávörp gesta
Samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra Sigurður Ingi Jóhannsson
Haraldur Benediktsson, fyrsti þingmaður Norðvestur-kjördæmis
Fulltrúi Sambands íslenskra sveitarfélaga
Kl.17.30 Stutt ferð, gönguferð eða rútuferð
Kl.20.00 Kvöldverður á Hótel Bifröst

Föstudagur 21 september

- Kl.09.00 Velferðarmál, þema þingsins
Pallborðsumræður
Kl.11.30 Kosning stjórnar og afgreiðsla áætlana og ályktanna
Kl.12.30 Hádegisverður



Til allra sveitastjóra og bæjarstjóra

Reykjavík, 27. ágúst 2018

Tilvísun Df: 2018082130/6.6.3

Efni: Tilkynning um fasteignamat 2019

Fasteignamat allra fasteigna er endurmetið 31. maí ár hvert. Þjóðskrá Íslands skal kynna sveitarfélögum og eigendum fasteigna niðurstöður endurmatsins og tekur nýtt fasteignamat gildi næsta 31. desember, sbr. 32. gr. a laga, nr. 6/2001, um skráningu og mat fasteigna. Fasteignamat skal endurspeгла gangverð miðað við síðastliðinn febrúarmánuð.

Árið 2009 var tekin upp ný og endurbætt aðferðarfræði, markaðsmat, fyrir fasteignamat íbúðarhúsnæðis. Þá var 2014 tekin upp aðferðarfræði tekjumats upp fyrir tilteknar atvinnueignir, sem eru skrifstofueignir, verslunareignir og eignir fyrir léttan iðnað. Í endurmatinu 2017 var svo tekin upp aðferðafræði markaðsmats fyrir sumarhúsaeignir þar sem skýrlega hafði komið í ljós að áhrif staðsetningar og tiltekinna þjónustubátta hafi áhrif á gangverð fasteigna.

Meðfylgjandi er listi þar sem fram kemur heildarfjárhæð gildandi fasteignamats og þar af landmats 2018 og heildarfjárhæð nýja matsins sem og landsmats 2019 miðað við stöðuna 31. maí sl. ásamt hlutfallsbreytingu milli ára. Auk þess sendist hér með fréttatilkynning frá 1. júní sl.

Frekari gögn og upplýsingar um fasteignamat 2019 er að finna á vef stofnunarinnar: <https://www.skra.is/fyrirtaeki/fasteignir/fasteignamat/> Jafnframt er bent á að matstölur 2019 birtast nú í álagningarkerfi sveitarfélaga sem gerir sveitarfélögum kleift að hefja undirbúning að fjárhagsáætlun 2019.

Að lokum er tekið fram að ítarleg skýrsla um fasteignamat 2019 með umfjöllun um niðurstöður, aðferðarfræði og matsforsendur verður gefin út í september nk. og er sveitarfélögum bent á að frá þeim tíma verður unnt að nálgast skýrsluna á vef stofnunarinnar.

F.h. Þjóðskrár Íslands

Margrét Hauksdóttir
forstjóri



Fréttatilkynning 1. júní 2018

Fasteignamat hækkar um 12,8%

Heildarmat fasteigna á Íslandi hækkar um 12,8% frá yfirstandandi ári og verður 8.364 milljarðar króna, samkvæmt nýju fasteignamati fyrir árið 2019 sem Þjóðskrá Íslands birti í dag. Fasteignamatið **hækkar** á 99,2% eigna en **lækkar** á 0,8% eigna frá fyrra ári. Fasteignamatið byggir á upplýsingum úr þinglýstum kaupsamningum auk fjölmargra annarra þátta sem hafa áhrif á verðmæti fasteigna. Nýja fasteignamatið miðast við verðlag fasteigna í febrúar 2018. Það tekur gildi 31. desember 2018 og gildir fyrir árið 2019. Frestur til að gera athugasemdir við nýtt fasteignamat er til 30. desember 2018.

Mest hækkun á Reykjanesi

Samanlagt mat **íbúða** (133.071) á öllu landinu hækkar um 12,7% frá árinu 2017 og verður alls 5.727 milljarðar króna. Á höfuðborgarsvæðinu hækkar matsverð íbúða í sérbýli meira en íbúðir í fjölbýli en á landsbyggðinni er þessu öfugt farið.

Fasteignamat hækkar mest á Reykjanesi en þar hækkar íbúðamatið um 41,1% í Reykjanesbæ, um 37,9% í sameinuðu sveitarfélagi Sandgerðis og Garðs og um 32,9% í Vogum.

Fasteignamat **atvinnuhúsnæðis** hækkar um 15% á landinu öllu; um 17,2% á höfuðborgarsvæðinu en um 9,9% á landsbyggðinni.

Hækkun fasteignamats	Sérbýli	Fjölbýli	Atvinnuhúsnæði
Landið allt	14,8%	10,4%	15,0%
Höfuðborgarsvæðið	12,5%	8,5%	17,2%
Utan höfuðborgarsvæðisins	19,9%	26,2%	9,9%

Heildarfasteignamat á höfuðborgarsvæðinu hækkar um 11,6%, um 28,3% á Suðurnesjum, um 14,3% á Vesturlandi, 12,1% á Vestfjörðum, 11 % á Norðurlandi vestra, 15% á Norðurlandi eystra, 9,5% á Austurlandi og um 13,7% á Suðurlandi.

Fasteignamat hækkar mest í Reykjanesbæ eða um 34,2%, um 25,5% í Vogum, um 21,1% í Hveragerði og 20,2% á Akranesi.

Mest hækkun íbúðarhúsnæðis í kringum höfuðborgarsvæðið

Meðalhækkun á mati **íbúðarhúsnæðis** á höfuðborgarsvæðinu er 10,3% og hækka flest svæði innan þess um 8-12%. Mun meiri hækkun má sjá í nágrennasveitarfélögum, þannig hækkar matssvæðið á Ásbrú um 98%, Sandgerði um 39%, Garður um 37%, Reykjanes dreifbýli um 35%, Hafnir um 35%, Keflavík og Njarðvík um 34%, Vogar um 33%, Hveragerði um 24% og Akranes og Selfoss um 22%.

Vægar hækkanir á sumarhúsum

Fasteignamat sumarhúsa fyrir árið 2019 hækkar um 9,8% og byggir það mat á sömu aðferðarfræði og fasteignamatið fyrir árið 2018 gerði. Fyrir fasteignamatið 2018 kynnti Þjóðskrá Íslands nýja aðferðarfræði við mat á sumarbústöðum sem leiðrétti skekkju sem hafði myndast með eldri aðferðarfræði. Sú breyting var liður í endurskoðun á öllum matsaðferðum Þjóðskrár Íslands og miðaði að því að matið endurspegli betur markaðsverð fasteigna.

Heildarhækkun fasteignamats sumarhúsa var 38,7% í fyrra en margar eignir hækkuðu meira. Við matið í ár var áfram unnið út frá nýrri aðferðarfræði en gerðar hafa verið nokkrar endurbætur í samræmi við athugasemdir sem bárust stofnuninni. Til dæmis hafa matssvæði verið endurskoðuð og nú vegur fjarlægð í sundlaug inn í matið og búið er að safna meira af gögnum um legu sumarbústaða sem hefur áhrif til lækkunar á lóðarmat þar sem vegasamgöngur eru í ólagi.

Upplýsingar um verð á markaði

Þjóðskrá Íslands hefur um árabil haldið úti verðsjá þar sem hægt er að skoða gangverð fasteigna. Sú verðsjá var uppfærð árið 2017 og inniheldur upplýsingar um bæði kaup- og leiguverð fyrir íbúðarhúsnæði svo og kaupverð sumarhúsa. Verðsjána má finna á heimasíðu Þjóðskrár Íslands eða beint á verdsja.skra.is.

Hægt er að greina landið niður eftir landshlutum eða matssvæðum Þjóðskrár Íslands en það eru þau svæði sem fasteignamatið skiptist eftir. Þannig má með einföldum hætti sjá hvernig verðþróun hefur verið á ákveðnu svæði útfrá fyrirbyggjandi kaup- eða leigusamningum.

Matsforsendur alltaf aðgengilegar

Langflestar fasteignir eru endurmetnar út frá matsforsendum sem endurskoðaðar eru árlega og byggja eins og fyrr segir meðal annars á þinglýstum kaupsamningum. Þetta á við um íbúðarhúsnæði og sumarhús en atvinnuhúsnæði er metið tekjumati.

Á heimasíðu Þjóðskrár Íslands www.skra.is má finna upplýsingar um fasteignamat allra eigna, bæði gildandi og nýja matið sem Þjóðskrá Íslands kynnti í dag. Með því að smella á fasteignamatið er hægt að nálgast matsforsendur fyrir tiltekna eign. Matsforsendurnar stýra fasteignamati. Séu matsforsendur ekki réttar má hafa samband og gera athugasemd við það.

Nánari upplýsingar um fasteignamat 2019

Hægt er að nálgast nánari upplýsingar um fasteignamat 2019 á heimasíðu Þjóðskrár Íslands. Þar má finna samantekt á matsbreytingu eftir sveitarfélögum, kort yfir matssvæði mismunandi matsaðferða, matsformúlum sem gilda fyrir árið 2019 ásamt fleiri gögnum. Upplýsingum um fasteignamatið verður miðlað með sama hætti og undanfarin ár. Eigendur fasteigna geta frá 15. júní nálgast tilkynningarseðil um mat á eignum sínum í pósthólf sitt á upplýsinga- og þjónustuveitunni www.island.is. Til þess þarf rafræn skilríki eða Íslykil sem auðvelt er að sækja um sé hann ekki tiltækur. Einnig er hægt að nálgast fasteignamatið á heimasíðu Þjóðskrár Íslands, www.skra.is. Tilkynning um fasteignamatið 2018 er því rafræn eins og hún hefur verið undanfarin sjö ár. Hins vegar geta eigendur haft samband við Þjóðskrár Íslands og óskað eftir að fá tilkynninguna senda til sín.

Þjóðskrá Íslands Endurmat 31.05.2018	Fasteignamat	Landmat	Fasteignamat	Landmat	Breytingar á mati	
	2018	2018	2019	2019	fm%	lm%
0000 Reykjavík	3.204.922.354	553.656.287	3.570.058.264	630.441.287	11,4%	13,9%
1000 Kópavogur	790.491.272	128.680.555	877.191.162	145.007.616	11,0%	12,7%
1100 Seltjarnarnes	114.520.343	24.553.587	126.660.701	27.147.174	10,6%	10,6%
1300 Garðabær	395.406.002	75.945.318	440.820.694	85.134.584	11,5%	12,1%
1400 Hafnarfjörður	572.591.249	101.733.873	651.654.163	116.453.719	13,8%	14,5%
1604 Mosfellsbær	220.147.440	45.103.714	247.097.466	50.718.701	12,2%	12,4%
1606 Kjósarhreppur	14.128.070	2.948.411	15.693.855	3.238.846	11,1%	9,9%
2000 Reykjanesbær	226.724.741	39.278.250	304.200.244	49.687.720	34,2%	26,5%
2300 Grindavík	48.967.273	8.889.005	55.153.046	9.827.453	12,6%	10,6%
2503 Sandgerði	46.402.500	7.049.556	53.926.652	8.200.266	16,2%	16,3%
2504 Garður	16.206.304	3.395.155	21.159.396	4.303.336	30,6%	26,7%
2506 Vogar	15.622.410	3.269.109	19.613.557	3.914.455	25,5%	19,7%
3000 Akranes	98.523.071	14.214.230	118.378.862	16.781.696	20,2%	18,1%
3506 Skorradalshreppur	13.270.765	2.978.294	14.846.616	3.387.626	11,9%	13,7%
3511 Hvalfjarðarsveit	40.936.577	8.240.663	44.704.783	8.961.636	9,2%	8,7%
3609 Borgarbyggð	80.393.637	14.093.642	89.773.828	15.376.890	11,7%	9,1%
3709 Grundarfjarðarbær	10.975.752	1.698.683	12.420.095	1.902.833	13,2%	12,0%
3710 Helgafellssveit	1.346.242	319.477	1.476.738	344.926	9,7%	8,0%
3711 Stykkishólmur	17.451.540	2.552.497	20.183.627	2.929.140	15,7%	14,8%
3713 Eyja- og Miklaholtshreppur	2.552.553	358.550	2.802.057	384.700	9,8%	7,3%
3714 Snæfellsbær	20.463.957	3.024.848	22.446.316	3.306.446	9,7%	9,3%
3811 Dalabyggð	9.921.036	1.174.991	11.084.819	1.286.871	11,7%	9,5%
4100 Bolungarvík	6.783.202	703.079	7.389.494	754.945	8,9%	7,4%
4200 Ísafjarðarbær	33.739.033	3.879.178	38.031.364	4.282.916	12,7%	10,4%
4502 Reykhólahreppur	3.407.390	474.268	3.739.164	506.899	9,7%	6,9%
4604 Tálknafjarðarhreppur	1.849.674	182.226	2.182.105	207.665	18,0%	14,0%
4607 Vesturbyggð	8.238.276	804.822	9.357.721	889.304	13,6%	10,5%
4803 Súðavíkurbhreppur	2.608.807	285.539	2.817.566	304.710	8,0%	6,7%
4901 Árneshreppur	731.706	61.267	804.107	66.173	9,9%	8,0%
4902 Kaldrananeshreppur	1.041.551	128.894	1.166.642	140.362	12,0%	8,9%
4911 Strandabyggð	4.528.723	486.913	5.057.758	529.972	11,7%	8,8%
5200 Skagafjörður	57.001.304	6.069.644	63.780.382	6.710.290	11,9%	10,6%
5508 Húnaþing vestra	15.348.514	1.441.151	17.081.109	1.589.635	11,3%	10,3%
5604 Blönduós	9.802.470	1.053.336	10.730.792	1.142.274	9,5%	8,4%
5609 Skagatrönd	3.721.516	388.774	4.104.483	422.993	10,3%	8,8%
5611 Skagabyggð	1.135.735	69.485	1.237.513	74.882	9,0%	7,8%
5612 Húnavatnshreppur	12.767.083	474.986	13.787.975	503.450	8,0%	6,0%
5706 Akrahreppur	2.453.238	190.017	2.749.682	208.526	12,1%	9,7%
6000 Akureyri	315.081.203	43.323.500	364.536.356	49.695.990	15,7%	14,7%
6100 Norðurþing	38.365.890	4.863.688	45.919.810	5.740.661	19,7%	18,0%
6250 Fjallabyggð	21.584.943	2.391.317	24.732.373	2.680.682	14,6%	12,1%
6400 Dalvíkurbyggð	21.718.246	2.556.271	24.379.953	2.829.513	12,3%	10,7%
6513 Eyjafjarðarsveit	16.504.318	2.103.841	18.342.664	2.311.540	11,1%	9,9%
6515 Hörgársveit	9.471.727	1.113.062	10.411.977	1.203.619	9,9%	8,1%
6601 Svalbarðsstrandarhreppur	8.384.965	1.413.224	9.277.275	1.555.006	10,6%	10,0%
6602 Grýtubakkahreppur	4.821.593	504.701	5.301.901	543.093	10,0%	7,6%
6607 Skútustaðahreppur	9.440.025	2.127.042	10.509.558	2.331.489	11,3%	9,6%
6611 Tjörneshreppur	639.597	53.660	733.835	60.309	14,7%	12,4%
6612 Þingeyjarsveit	20.426.019	2.573.079	22.585.039	2.798.497	10,6%	8,8%
6706 Svalbarðshreppur	825.732	47.589	902.582	51.208	9,3%	7,6%
6709 Langanesbyggð	4.231.193	421.183	4.623.377	455.432	9,3%	8,1%

Þjóðskrá Íslands Endurmat 31.05.2018	Fasteignamat	Landmat	Fasteignamat	Landmat	Breytingar á mati	
	2018	2018	2019	2019	fm%	lm%
7000 Seyðisfjörður	7.165.356	830.223	7.900.745	905.327	10,3%	9,0%
7300 Fjarðabyggð	140.394.056	6.268.706	152.617.600	6.953.819	8,7%	10,9%
7502 Vopnafjarðarhreppur	7.340.283	751.032	8.174.631	827.423	11,4%	10,2%
7505 Fljótaldalshreppur	8.799.237	329.935	9.446.303	354.884	7,4%	7,6%
7509 Borgarfjarðarhreppur	1.281.560	113.710	1.452.426	125.801	13,3%	10,6%
7613 Breiðdalshreppur	1.926.532	187.148	2.122.699	202.926	10,2%	8,4%
7617 Djúpavogshreppur	4.217.438	428.990	4.690.004	469.580	11,2%	9,5%
7620 Fljótaldalshérað	50.955.620	6.945.801	57.032.780	7.694.721	11,9%	10,8%
7708 Hornafjörður	29.375.896	4.441.287	32.012.613	4.819.311	9,0%	8,5%
8000 Vestmannaeyjar	57.106.980	8.036.642	60.822.612	8.459.539	6,5%	5,3%
8200 Sveitarfélagið Árborg	134.120.830	23.046.647	159.834.865	26.895.300	19,2%	16,7%
8508 Mýrdalshreppur	8.593.766	1.034.330	9.794.123	1.170.234	14,0%	13,1%
8509 Skaftárhreppur	10.803.869	2.782.450	12.207.111	3.046.971	13,0%	9,5%
8610 Ásahreppur	18.663.608	2.593.700	20.163.821	2.815.638	8,0%	8,6%
8613 Rangárþing eystra	30.739.830	4.309.230	34.590.417	4.813.594	12,5%	11,7%
8614 Rangárþing ytra	33.174.360	6.867.104	37.330.618	7.645.839	12,5%	11,3%
8710 Hrunamannahreppur	20.827.059	3.530.461	23.269.667	3.925.572	11,7%	11,2%
8716 Hveragerði	37.055.249	6.246.808	44.876.375	7.385.717	21,1%	18,2%
8717 Ölfus	39.870.673	8.158.863	44.948.703	9.049.150	12,7%	10,9%
8719 Grímsnes-og Grafningshreppur	81.271.377	15.831.343	90.340.394	17.636.774	11,2%	11,4%
8720 Skeiða- og Gnúpverjahreppur	23.263.732	2.875.549	25.855.305	3.204.770	11,1%	11,4%
8721 Bláskógabyggð	57.597.920	11.159.711	64.803.086	12.612.196	12,5%	13,0%
8722 Flóahreppur	10.892.018	1.546.173	12.496.866	1.732.824	14,7%	12,1%
SAMTALS	7.414.056.010	1.241.660.274	8.364.405.262	1.412.077.866	12,8%	13,7%

Upphæðir í þúsundum króna



Til sveitarfélaga sem eru afhendingarskyld til Þjóðskjalasafns Íslands

Reykjavík 16. ágúst 2018

Tilv. 1808069/1.4

Efni: Skjalavarsla og skjalastjórn afhendingarskyldra aðila í kjölfar nýrra laga um persónuvernd og miðlun persónuupplýsinga

Þann 13. júní sl. samþykkti Alþingi ný lög um persónuvernd og miðlun persónuupplýsinga. Lögin tóku gildi frá og með 15. júlí sl. Með bréfi þessu vill undirritaður, að höfðu samráði við mennta- og menningarmálaráðuneyti, minna á að lög nr. 77/2014 um opinber skjalasöfn gilda um skjalavörslu og skjalastjórn afhendingarskyldra aðila. Þau mæla fyrir um meðferð, vörslu og eyðingu gagna afhendingarskyldra aðila og eru sérlæg gagnvart nýjum persónuverndarlögum.

Í aðdraganda innleiðingar nýrrar Evrópureglugerðar um persónuvernd og nýrra persónuverndarlaga komu upp álitamál um hver yrðu réttaráhrif reglugerðarinnar og nýrra laga. Upp kom m.a. sá misskilningur að með nýjum persónuverndarlögum verði afhendingarskyldum aðilum heimilt, og jafnvel skylt, að eyða persónuupplýsingum sem myndast í starfsemi og að einstaklingar gætu beðið um að upplýsingum um þá sem er að finna í opinberum kerfum og skjalasöfnum verði eytt. Svo er ekki. **Ekki er heimilt að eyða nokkru skjali í skjalasöfnum afhendingarskyldra aðila nema með heimild þjóðskjalavörðar, reglum sem settar eru á grundvelli laga um opinber skjalasöfn eða samkvæmt sérstöku lagaákvæði**, sbr. 24. gr. laga um opinber skjalasöfn. Þetta ákvæði á jafnt við um skjöl og gögn sem innihalda persónuupplýsingar og önnur gögn í skjalasöfnum afhendingarskyldra aðila.

Mikilvægt er að afhendingarskyldir aðilar geri sér grein fyrir þessu. Varsla og eyðing upplýsinga hjá þeim verður því áfram með sama hætti og verið hefur og lýtur lögum um opinber skjalasöfn.

Réttur til eyðingar persónuupplýsinga samkvæmt nýjum lögum beinist fyrst og fremst að upplýsingum sem einkaaðilar safna um einstaklinga, t.d. á samfélagsmiðlum, en nær ekki til upplýsinga hjá afhendingarskyldum aðilum, enda er þar um að ræða upplýsingar sem aflað er með lögmætum hætti í því skyni að framfylgja lögbundnum verkefnum. Bæði reglugerð Evrópusambandsins og hin nýju persónuverndarlög heimila opinberum aðilum að safna persónuupplýsingum sem þeir þurfa á að halda vegna lögbundinnar starfsemi og varðveita þær á lögmætum og málefnalegum forsendum. Orðalagið „skjalavistun í þágu almannahagsmuna“, sem er að finna í lögum og reglugerð, vísar í þennan rétt. Þá segir í 4. mgr. 18. gr. nýrra laga um persónuvernd og miðlun persónuupplýsinga: „Heimilt er að afhenda opinberu skjalasafni upplýsingar sem falla undir lög þessi í samræmi við ákvæði laga um opinber skjalasöfn.“ – Það er því ljóst að persónuupplýsingar hjá afhendingarskyldum aðilum ber að varðveita og afhenda opinberu skjalasafni í samræmi við lög um opinber skjalasöfn.

Undirritaður vill jafnframt minna á að það getur valdið réttindum einstaklinga og stjórnvalda skaða verði skjölum og upplýsingum afhendingarskyldra aðila ekki haldið til haga eins og lög um opinber skjalasöfn og reglur sem settar eru á grundvelli laganna mæla fyrir um. Það er á ábyrgð forstöðumanns hvers afhendingarskylds aðila að sjá til þess að skjölum sé ekki eytt án heimildar og að skjalavarsla og skjalastjórn sé með þeim hætti sem segir í lögum og reglum, sbr. 22. gr. laga um opinber skjalasöfn.

Virðingarfyllst,

Eiríkur G. Guðmundsson
þjóðskjalavörður

Afrit: Samband íslenskra sveitarfélaga

Snæfellsbær
Klettsbúð 4
360 HELLISSANDI

Reykjavík 30. ágúst 2018
UST201709-132/T.Þ.
08.15.00

Efni: Tillögur/áætlanir sveitarstjórna um úrbætur í fráveitumálum

Í fyrrahaust gaf Umhverfisstofnun út skýrslu með samantekt um stöðu fráveitumála í landinu fyrir árið 2014. Skýrsluna er að finna á vefsíðu stofnunarinnar í 3. útgáfu. Samantektin byggir á upplýsingum frá heilbrigðisnefndum og er gerð skv. gr. 28 í reglugerð um fráveitur og skólp. Í þeirri grein segir m.a. að Umhverfisstofnun skuli leita eftir tillögum sveitarstjórnar telji stofnunin, eftir að leitað hefur verið eftir áliti umsagnaraðila, að úrbóta sé þörf.

Umhverfisstofnun fer nú fram á slíkar upplýsingar um þau þéttbýli sem ekki eru talin uppfylla kröfur fyrrnefndrar reglugerðar um meðferð og hreinsun skólps. Þar er um að ræða upplýsingar sem snúa að:

1. almennum kröfum um búnað fráveitna,
2. þéttbýli þar sem tilskilin hreinsun telst hafin en ákvæðum reglugerðarinnar um losunareftirlit og losunarmörk er ekki fylgt.
3. hugsanlegum skilgreiningum á síður viðkvæmum svæðum (eins þreps hreinsun) þar sem eru nú venjuleg svæði (tveggja þrepa hreinsun).

Farið er fram á að sveitarfélagið geri grein fyrir tillögum/áætlunum sínum um að koma frárennslismálum þessara þéttbýla í það horf að þau uppfylli ákvæði reglugerðar um fráveitur og skólp. Það þarf að gera með því að fylla út í exel töflu sem verður send ykkur í tölvupósti. Umhverfisstofnun ber ábyrgð á að skila umræddum gögnum í gagnagrunn Umhverfisstofnunar Evrópu og tekur uppsetningin töflunnar og atriðin sem beðið er um mið af því upplýsingaformi sem þar er notað.

Fylla þarf út í gullitaða reiti í töflunni. Í öðrum reitum eru upplýsingar sem liggja fyrir auk auðkennisnúmera og nafna þéttbýla, skólphreinsistöðva, útrása, viðtaka og vatnshlota.

Búast má við tilvikum þar sem þegar hafa verið gerðar nauðsynlegar úrbætur. Þá er augljóslega ekki þörf á að fylla út í gulu reitina. Þess í stað er þá óskað eftir að grunnupplýsingarnar í töflunni verði leiðréttar til samræmis. Sama gildir um rangar upplýsingar.

Þess er vinsamlegast farið á leit að þessar upplýsingar verði sendar stofnuninni fyrir 1. nóvember nk.



UMHVERFIS
STOFNUN

Ef spurningar vakna eða eitthvað er óljóst er velkomið að hafa samband við Tryggva Þórðarson (tt@ust.is).

Tryggvi Þórðarson
sérfræðingur

Katrín Sóley Bjarnadóttir
sérfræðingur

Þéttbýli		Safnræsi/-önnur sjálfstæð kerfi												Hreinsistöðvar/Útrásir án hreinsistöðva										Útrásir		Víðtaki							
Sveitarfélag	Auðhætti þéttbýlis	Nafn þéttbýlis	Frámengt magn í þéttbýli 2014, wa	Staða þéttbýlis á viðmiðunarskili (sveitarfélög, sveitarfélög, sveitarfélög, sveitarfélög)	Ástæða þess að hofur um siffræsi/önnur sjálfstæð kerfi	Adhófafræsi/önnur sjálfstæð kerfi (siffræsi/önnur sjálfstæð kerfi)	Fræsi/önnur sjálfstæð kerfi (siffræsi/önnur sjálfstæð kerfi)	Upphafstíðni/loftunartíðni (siffræsi/önnur sjálfstæð kerfi)	Áætluð dag- þegar vorki/útur	Kostnaðarþagbætur (siffræsi/önnur sjálfstæð kerfi)	Athugasemdir um siffræsi/önnur sjálfstæð kerfi	Nafn hreinsistöðvar/útrásir án hreinsistöðva	Er hreinsistöðvar/útrásir án hreinsistöðva	Auðhætti hreinsistöðva og útrásir án hreinsistöðva	Staða hreinsistöðva og útrásir án hreinsistöðva	Ástæða þess að hofur um siffræsi/önnur sjálfstæð kerfi	Hafðarfræsi/önnur sjálfstæð kerfi (siffræsi/önnur sjálfstæð kerfi)	Fyrirhugað skilgreining um hreinsistöðva og útrásir án hreinsistöðva	Lífrenn hreinsistöðva og útrásir án hreinsistöðva	Gerð hreinsistöðva og útrásir án hreinsistöðva	Áætluð dagþingning þegar vorki/útur	Áætluð dagþingning þegar vorki/útur	Áætluð dagþingning þegar vorki/útur	Áætluð dagþingning þegar vorki/útur	Áætluð dagþingning þegar vorki/útur	Kostnaðarþagbætur (siffræsi/önnur sjálfstæð kerfi)	Athugasemdir um siffræsi/önnur sjálfstæð kerfi	Auðhætti útrásir	Nafn útrásir	Gerð útrásir			
aggCode	aggName	aggDateStart	aggDateEnd	aggDateStart	aggDateEnd	aggDateStart	aggDateEnd	aggDateStart	aggDateEnd	aggDateStart	aggDateEnd	aggCode	aggName	aggDateStart	aggDateEnd	aggDateStart	aggDateEnd	aggDateStart	aggDateEnd	aggDateStart	aggDateEnd	aggDateStart	aggDateEnd	aggDateStart	aggDateEnd	aggDateStart	aggDateEnd	aggDateStart	aggDateEnd	aggCode	aggName	aggDateStart	aggDateEnd
Sveifshákur	0027	01.01.2014	31.12.2014	01.01.2014	31.12.2014	01.01.2014	31.12.2014	01.01.2014	31.12.2014	01.01.2014	31.12.2014	0027-01	01.01.2014	31.12.2014	01.01.2014	31.12.2014	01.01.2014	31.12.2014	01.01.2014	31.12.2014	01.01.2014	31.12.2014	01.01.2014	31.12.2014	01.01.2014	31.12.2014	01.01.2014	31.12.2014	0027-01-01	01.01.2014	31.12.2014		

Víðtaka:

Víðtaka:

Víðtaka:

Snæfellsbær 3 September 2018

Bæjarstjórn Snæfellsbæjar

Efni: Starf innheimtufulltrúa Rarik í Snæfellsbæ

Við undirrituð fulltrúar J-listans, bæjarmálasamtaka Snæfellsbæjar leggjum fram fyrirspurn um 50% starfshlutfall innheimtufulltrúa Rarik í Snæfellsbæ. Var eitthvað gert til að koma í veg fyrir að starfið færi úr bæjarfélaginu?

Svandís J. Sigurðardóttir

Michael Gluszuk

Fríða Sveinsdóttir

Snæfellsbær 3 September 2018

Tillaga frá J-listanum um að hækka viðmiðunartekjur elli- og örorkulífeyrisþegar í Snæfellsbæ.

“J-listinn leggur til að farið verði í þá vinnu að hækka tekjumörk elli- og örorkulífeyrisþega í Snæfellsbæ, hámarks afsláttur verði hækkaður úr 70.000 kr í 100.000 kr.”

Svandís J. Sigurðardóttir

Michael Gluszek

Fríða Sveinsdóttir

Snæfellsbær 3 september 2018

Tillaga frá J-listanum um íþróttastyrk til foreldra barna sem stunda íþróttir á vegum íþróttafélaganna í Snæfellsbæ.

“ J- listinn leggur til að farið verði í þá vinnu í samstarfi við ungmennafélögin að breyta núverandi styrk Snæfellsbæjar til UMF Víkings og UMF Reynis til foreldra barna sem stunda íþróttir. Styrkurinn er ekki greiddur til foreldra heldur fer til ungmennafélaganna til lækkunar á iðgjaldi barnanna.”

Svandís J. Sigurðardóttir

Michael Gluszek

Fríða Sveinsdóttir

Snæfellsbær 3 September 2018

Tillaga frá J-listanum um að haldnir verði íbúafundur einu sinni á ári.

“J-listinn leggur til að haldinn verði íbúafundur einu sinni á ári, hann yrði haldinn fyrir fjárhagsáætlanagerð. Þar fái íbúar Snæfellsbæjar tækifæri til að koma sínum skoðunum á framfæri og fá upplýsingar um fyrirhuguð verkefni.”

Svandís J. Sigurðardóttir

Michael Gluszuk

Fríða Sveinsdóttir

Snæfellsbær 3 September 2018

Tillaga frá J-listanum um að setja upp ærslabelgi í Ólafsvík og á Hellissandi

“J-listinn leggur til að settir verði upp ærslabelgir í tveimur stærstu þéttbýliskjörnum Snæfellsbæjar, í Ólafsvík og á Hellissandi. Farið verði í að finna heppilegar staðsetningar og að þetta verði komið upp fyrir vorið 2019.”

Svandís J. Sigurðardóttir

Michael Gluszuk

Fríða Sveinsdóttir

Bæjarstjórn Snæfellsbæjar

Efni: Vélavinna í Ólafsvík.

Við undirrituð fulltrúar D-listans í bæjarstjórn Snæfellsbæjar gerum það að tillögu okkar að farið verði í verðkönnun á vélavinnu vegna snjómoksturs fyrir Snæfellsbæ í Ólafsvík. Jafnframt þá yrði m.v. að samningur yrði gerður til 2022 ef viðunandi verð fást og að hann tæki gildi frá og með 1. október 2018.

Fyrir nokkrum árum sagði T.S. vélaleiga upp samningi sem var vegna vélavinnu fyrir Snæfellsbæ í Ólafsvík og frá þeim tíma hefur enginn samningur verið í gildi fyrir vélavinnu í Ólafsvík.

Snævélar eru með samning um vélavinnu fyrir Snæfellsbæ á Hellissandi og Rifi.

Nauðsynlegt er fyrir Snæfellsbæ að fá fastan samning um þessa vélavinnu því búast má við að þannig fáiist bestu verðin fyrir sveitarfélagið.

Snæfellsbæ, 28. ágúst 2018

Auður Kjartansdóttir
Júníana B. Óttarsdóttir
Björn H. Hilmarsson
Rögnvaldur Ólafsson.